



# AÐALSKIPULAG KÒPAVOGS

1988 - 2008

HANDRIT  
GREINARGERÐ

26.10.1989

Bæjarskipulag Kòpavogs

# EFNISYFIRLITI.

## FORMALI

(UTDRATTUR.)

	bls.
<b>1. AÐALSKIPULAG.</b>	
Stefnumörkun	
1.1 Aðalskipulag	1
1.2 Hverfaskipulag	2
1.3 Fjáhgalegar forsendur skipulagsáætlana	3
	4
<b>2. ÞRÓUN BYGGÐAR Í KÓPAVOGI OG MENNINGARMINJAR.</b>	
Stefnumörkun	
2.1 Þróun byggðar	5
2.2 Menningarminjar	6
	11
<b>3. NATTÚRUFAR OG NATTÚRUVERNÐ</b>	
Stefnumörkun	
3.1 Jarðfræði	12
3.2 Veðurfar	13
3.3. Landslag	14
3.4 Dýralíf	14
3.5 Gróðurfar	14
3.6 Náttúruvernd	14
<b>LANDNOT OG LANDNYTING</b>	
Stefnumörkun	
4.1 Lögsagnarumdæmi	15
4.2 Eignarhald	16
4.3 Landnotkun	17
4.4 Nyting	18
	19
<b>5. ÍBÚAR OG HUSNÆÐISMÁL.</b>	
Stefnumörkun	
	23
5.1 Höfuðborgarsvæðið	24
5.2 Kópavogur	24
5.3 Íbúaspá	26
5.4 Íbúðir	28
5.5 Breytingar í eldri hverfum	29
5.6 Framtíðarbyggingarsvæði	30
<b>6. ATVINNA</b>	
Stefnumörkun	
6.1 Athafnasvæði	32
6.2 Mannafli	33
6.3 Miðbær- miðhverfi	35
6.4 Hverfaverslanir	35
6.5 Höfn	36
	37

## 7. FÉLAGS- OG MENNINGARMÁL.

	Stefnumörkun	38
7.1	Fræðslumál	39
7.2	Félagsmál	41
7.3	Heilbrigðismál	44
7.4	Kirkjumál	45
7.5	Önnur menningarmál	46

## 8. SAMGÖNGUR

	Stefnumörkun	49
8.1	Astand gatna	50
8.2	Gatnakerfi	50
8.3	Bíllæign og umferð	54
8.4	Umferðaröryggi	55
8.5	Breytingar og endurbætur á stofn- og tengibrautum	56
8.6	Almenningssamgöngur	57
8.7	Flug	58

## 9. OPINBER DJONUSTA.

	Stefnumörkun	60
9.1	Fráveita	61
9.2	Vatnsveita	62
9.3	Hitaveita	63
9.4	Rafveita	64
9.5	Boðveita	64
9.6	Astand veitna	65
9.7	Sorphirða og förgun	65
9.8	Almannavarnir	66
9.9	Löggæsla	66
9.10	Brunavarnir	66

## 10. UMhverfi, útivist og ídróttir

	Stefnumörkun	67
10.1	Útivistarsvæði	68
10.2	Opin svæði til sérstakra nota	70
10.3	Göngustígar	73

## 11. BYGGÐADRÖUN OG SKIPULAG 1982-1989, YFIRLIT

11.1	Íbúar	75
11.2	Íbúðir	76
11.3	Atvinna	76
11.4	Félags- og menningarmál	77
11.5	Umferð	77
11.6	Helstu skipulagsverkefni	77

## VIÐAUKI

Lögsögumörk Kópavogs	81
----------------------	----

(SKYRINGAR Á HUGTÖKUM, ATRÍÐASKRÁ, ÞYÐINGAR Á ÚTRÉTTI (danska/enska)  
OG HEIMILADASKRÁ.)

## FORMALI

I byrjun árs 1989 ákváðu bæjaryfirvöld að hefja endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 1982 - 2003 og var stefnt að því að ljúka þeirri vinnu fyrir áramótin 1989/90.

Um mitt ár 1989 hófst vinnan að þeirri skipulagstillögu sem hér liggur fyrir. Frumtillaga Þ.e. handrit að greinargerð ásamt landnotkunarkorti og skýringaruppdráttum var lögð fram í skipulagsnefnd í lok ágúst. Í byrjun september var handritið sent bæjarfulltrúum og 12. september var vinnan við endurskoðun aðalskipulagsins kynnt í bæjarstjórn.

Þessi frumtillaga var einnig kynnt í öðrum þeim nefndum og ráðum bæjarins sem skipulagsmál varða. Áhersla var lögð á að fá fram athugasemdir og ábendingar sem flestra varðandi texta handritsins og hugmyndir að stefnumörkun í einstökum málaflokkum. Á grundvelli þeirra var tillagan endurskoðuð og var lagt fram nýtt handrit ásamt breyttum uppdráttum í skipulagsnefnd í byrjun október.

Þetta þriðja handrit að greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 1982-2008 er dagsett 26. október 1989. Á því hafa verið gerðar allnokkrar breytingar frá síðasta handriti, einnig hefur verið bætt við myndefni og yfirliti yfir byggðaðróun og skipulagsverkefni síðustu ára.

I endanlegri útgáfu greinargerðarinnar verður bætt við heimildaskrá og útdrætti. Greinargerðin verður gefin út í bókarmformi, prentuð í tveimur litum.

Landnotkunarkortið synir meðal annars áætlaða byggð og umferðarkerfi í Kópavogi til ársins 2008. Það verður prentað í fjórum litum. Á bakhlið landnotkunarkortsins verður útdráttur úr greinargerðinni ásamt yfirlitskortu yfir lögsögu Kópavogs

Aðalskipulag  
**STEFNUMÖRKUN:**

- \* AÐALSKIPULAG ER TIL 20 ÁRA Í SENN
- \* AÐALSKIPULAGIÐ SKAL ENDURSKOÐAD Á FJÖGURRA ÁRA FRESTI
- \* TEKID VERÐI UPP NYTT SKIPULAGSSTIG, HVERFASKIPULAG

# 1. AÐALSKIPULAG.

## INNGANGUR

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem hafa áhrif á útlit umhverfis, aðrar en byggingar á lögbylum, skulu byggðar í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Þheimilt er að hefja byggingarframkvæmdir, þar með talið á lögbylum, nema leyfi byggingarnefndar sé fyrir hendi. Í byggingarleyfi felst leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda til að graf grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því eða notkun þess eða gera önnur mannvirki, sem hafa áhrif á útlit umhverfis.

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru til þrjár gerðir skipulagsáætlana: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Ákveðið hefur verið að taka upp nýtt skipulagsstig, nýja tegun skipulagsáætlunar, sem kallað hefur verið hverfaskipulag. Mun það verða millistig milli aðalskipulags og deiliskipulags.

### 1.1 AÐALSKIPULAG.

Svæðisskipulag er áætlun, sem nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og sýnir samræmda stefnu þeirra um þróun byggðar.

Aðalskipulag er áætlun, sem að öllu jöfnu nær til eins sveitarfélags. Það er í meginatriðum stefnumörkun sveitarstjórnar um landnotkun, gatnakerfi og þróun byggðar. Aðalskipulag er greinargerð ásamt landnotkunarkorti.

Deiliskipulag skal vera innan ramma aðalskipulags og gera nánari grein fyrir notkun lands, tilhögun gatna, íbúðarhúsa, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis, stofnana, leiksvæða, útivistarsvæða og annars er þurfa þykir.

Þó aðalskipulag spanni að jafnaði 20 ár fram í tímann er það stefna bæjaryfirvalda að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Þannig að í upphafi hvers kjörtímabils liggja fyrir og endurskoðað aðalskipulag. Á þann hátt verður skipulagsáætlunin raunhæfara stjórnþeki.

Verði minni háttar breytingar á áætlunum aðalskipulagsins á hverju kjörtímabili, að mati bæjaryfirvalda í samráði við skipulagsstjórn ríkisins, verður gerð grein fyrir þeim á landnotkunarkorti aðalskipulagsins, ásamt texta og skýringarmyndum á bakhlið kortisins. Verði breytingarnar aftur á móti umtalsverðar, leiða þær til endurskoðunar aðalskipulagsins í heild sinni.


Félagsmálaráðherra skal samkvæmt lögum staðfesta aðalskipulag að undangenginni almennri kynningu. Staðfest aðalskipulag, bæði greinargerð og landnotkunarkort er bindandi.

Samkvæmt skipulagsreglugerð myndar aðalskipulag ramma fyrir deiliskipulag. Er því ætlað að gera nánari grein fyrir meginatriðum aðalskipulags. Í skipulagsreglugerð er þess ekki krafist að deiliskipulag sé staðfest, nema ef um er að ræða nýtt deiliskipulag í þegar byggðu hverfi eða ef sveitarstjórn og eða skipulagsstjórn ríkisins óskar þess sérstaklega. Ekki er hægt að staðfesta deiliskipulag nema fyrir hendi sé staðfest aðalskipulag.

## 1.2 HVERFASKIPULAG


Hverfaskipulag af eldri hverfum bæjarins verður unnið í kjölfar aðalskipulags og mun það kveða nánar á um skipulag þeirra og verða leiðbeinandi við gerð deiliskipulags og framkvæmdáætlana.

Hlutverk hverfaskipulags er að kveða nánar en gert er í aðalskipulagi á um helstu skipulagsþætti hvers bæjarhluta, með áherslu á hvar breytinga er að vanta eða hvar þeirra er þörf. Í hverfaskipulagi er fyrst og fremst fjallað um umferð, húsnæði, þjónustu, umhverfi og íbúa.



(mynd 1.1 Skipulagsáætlanir. Útskyra mismun)

Hverfaskipulag á sér ekki stöð í skipulagslögum eða skipulagsreglugerð hér á landi. En nokkur reynsla í gerð hverfaskipulags hefur þegar fengist hér að landi að erlendri fyrirmynd.



(mynd 1.2 Dæmi um framsetningu hverfaskipulags)

Í hverfaskipulagi mun íbúum gefast frekari kostur á að fylgjast með og taka þátt í að móta sitt nánast umhverfi.

Skipulagsáætlanir verða að vera í samræmi við fjárhagslega getu sveitarfélagsins. Að öðrum kosti verður skipulagið óraunhæft. Komi fram hugmyndir um umtalsverðar breytingar á landnotkun og gatnakerfi á skipulagstímabilinu geta þær leitt til endurskoðunar aðalskipulags.

### 1.3 FJARHAGSLEGAR FORSENDUR SKIPULAGSAÆTLANA.


Frákvæmdáætlanir eru unnar í kjölfar skipulags. Þær eru yfirleitt ekki til lengri tíma en fimm ára, - oftast til eins árs þ.e. fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Mikilvægt er að verklegum frákvæmdum sé ráðað í forgangs- og tímaröð í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í sveitarstjórnarlögum frá 1986 er þess krafist að á fyrsta ári hvers kjörtímabils skuli sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, frákvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal endurskoða hana hverju sinni í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

(mynd 1.3 Skipulagsáætlun/frákvæmdáætlun.)

Fjármálum hvers sveitarfélags eru sett ákveðin takmörk með lögum, jafnt tekjuöflun og ráðstöfun fjármagns.

Til frákvæmda á vegum Kópavogsbæjar hafa að jafnaði farið 25 -30% gjalda.



(mynd 1.4 Hlutfallslegskipting tekna og gjalda í Kópavogi 1988.)

Dróun byggðar.

**STEFNUMÖRKUN:**


- \* STEFNT SKAL AÐ VERNDUN FORNA OG NYRRA MENNINGARMINJA Í BÆNUM
- \* STEFNT SKAL AÐ SKRÁNINGU / VERNDUN ÖRNEFNA MED MERKINGUM EDA NAFNGIFTUM

## 2. DRÖUN BYGGÐAR Í KÓPAVOGI OG MENNINGARMINJAR.

### 2.1 DRÖUN BYGGÐAR.

#### INNGANGUR.

Heimildir um sögu Kópavogs gegnum aldirnar er að finna í rituðum heimildum svo og örnefnum, tóftum og seinni tíma mannvirkjum. Um miðja öldina aldarinnar byrjaði byggð að þéttast í Kópavogi og bæjarbragur að skapast.



mynd 2.1 Dröun byggðar í Kópavogi


**UPPHAF.** Kópavogur á sér langa sögu, þótt hans sé lítið getið í sögu landsins fyrstu aldirnar. Kópavogur var um langt skeið einn af fjórum þingstöðum Gullbringusyslu og fyrir margar sakir þeirra frægastur. Á síðari öldum var eitt þekktasta dómþing landsins við Kópavog allt frá til þess að það var lagt af árið 1724.

Aðalbyggð Kópavogskaupstaðar er nú í landi hinna fornu lögbyla Kópavogs, Digranes og Fífuhvams, sem áður hét Hvammur og síðar Hvammskot. Ekki þóttu þessar jarðir neinar kostajarðir, ef marka má heimildir Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í Jarðabók þeirra frá 1703, en þar segir að á Kópavogsjörðinni megi fæða 6 kyr en á Digranesjörðinni 4 kyr. Báðar voru þessar jarðir áður í eigu Viðeyjar-klausturs, en urðu konungsjarðir við siðaskiptin.

(mynd 2.2 Bærinn Kópavogur séð frá Arnarneshæð)

Seltjarnarneshreppur hinn forni náði áður yfir Seltjarnarnes, eyjarnar á sundunum, Reykjavík og Kópavogsland. Við þéttbýlismyndun rofnaðu tengslin milli byggðanna innan hreppsins og um leið hin landfræðilegu tengsl Seltjarnarness og Kópavogslands.

Byggð í Kópavogi tók ekki að þéttast fyrr en eftir 1930. Þá er aflagður búskapur á báðum jörðunum, Kópavogi og Digranesi, en í Fífuhvammi hélt búskapur enn um hríð. Árið 1936 er hafist handa við að úthluta smábýlalöndum og nybylum úr landi beggja jarðanna Kópavogs og Digranesi. Voru þessi svæði tekin til réktunar fyrir þá sem efnalitlir voru í þeim tilgangi að létta mönnum lífsbaráttuna.



**mynd 2.3 Kort sem sýnir erfðaleigulönd í Kópavogi árið 1949.**


Þegar heimsstyrjöldin síðari braust út, urðu miklar breytingar á högu Íslendinga. Fólksflutningar til Faxaflóasvæðisins jukust þá mikið og olli það húsnæðisleysi í Reykjavík enda lágu lóðir fyrir almenning ekki á lausu. Var þá farið að líta til hinna óbyggðu svæða í nágrenninu s.s. í Kópavogi og víðar. Á árinu 1942 var úthlutað lóðum undir íbúðarhús á sunnanverðu Kársnesi og Digranesi.

Árið 1945 voru íbúar Kópavogs 521 og fjölgunin mjög ör. Árin þar á eftir jókst enn ásóknin í byggingarlóðir og kom svo að lokum að íbúar suðurhluta Seltjarnarneshrepps voru orðnir fleiri en í nyrðri hlutanum. Við hreppsnefndarkosningarnar árið 1946 bauð Framfarafélagið Kópavogur fram sérstakan lista og fékk þrjá menn kjörna af fimm í hreppsnefnd. Fluttist því stjórnsysla hreppsins í Kópavog þar eð meirihluti hreppsnefndar var nú á "Hálsunum", en ekki á Seltjarnarnesi.

Vegna andslæðra hagsmuna þessara tveggja hreppshluta fór svo að lóðir að til skiptingar kom og varð Kópavogur sjálfstætt hreppsfélag um áramótin 1947 - 48, en þá voru íbúar Kópavogs orðnir 1.163 að tölum.

**SKIPULAGNING.** Skipulagning byggðar hófst árið 1946. Það ár var svæðið á Digraneshálsi austan Hafnarfjarðarvegar milli Alfhólsvegar og Digranesvegar, skipulagt m.a. með það í huga að koma þar fyrir barnaskólahúsi. Skipulagsstjórn ríkisins var svo falið að gera skipulagsuppdrátt af svæðinu en jafnframt af öllu svæðinu milli Fossvogs og Kópavogs, sem Seltjarnarneshreppi tilheyrði. Var þess óskað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að skipulagslaus byggð aukist meira en orðið var. Seint á árinu 1948 er svo skipulagsuppdráttur af háhálslinum samþykktur.

Árið 1949 er gerður skipulagsuppdráttur af öllu svæðinu vestan Hafnarfjarðarvegar. Næstu skipulögðu svæðin voru milli Nybylavegar og Alfhólsvegar árið 1953 og Alfhólsvegar og Digranesvegar austan Vígólá árið 1954. Á því sama ári samþykkti hreppsnefndin að efna til verðlaunasamkeppni um skipulags- og útlitsteikningar að miðbæ Kópavogs. Árið 1955 var svo hafist handa við skipulag svæðisins milli Alfabrekku og vestur á mótis við Nybylaveg 46 og svæðið milli Alfhólsvegar og Nybylavegar inn að Bröttubrekku.



(mynd 2.4 Yfirlitsuppdráttur af skipulagi í Kópavogi gerður af Zophoníasi Pálssyni 1958.)

Þó mikið hafi verið unnið að skipulagsmálum var augljóst að margt var eftir, þegar að því kom að Kópavogur fengi kaupstaðarréttindi. Þá gekk og hægar að úthluta byggingarlóðum, þrátt fyrir mikla eftirspurn. Ýmislegt kom til, en þó mun mestu hafa ráðið að ríkið átti landið, en hreppsnefndin fór með skipulags- og byggingarmálin. Á þessi mál komst þó ekki lag, fyrr en Kópavogskaupstaður fékk keyptar jarðirnar Kópavog og Digranes 1957.

**GATNA- OG HOLRÆSAGERÐ.** Gatnagerð í Kópavogi þótti á sínum tíma ekki til fyrirmyndar, enda erfitt fyrir févana byggðarlag að leggja götur hratt og vel um hálsana. Á árunum 1935 - 45 hafði Vegagerðin unnið að vegalagningu í Kópavogi og var samanlögð lengd þeirra orðin 7.76 km að viðbættum Fífuhvamsvegi sem var 3 km að lengd, en hann var hreppsvegur. Vegir þessir voru Nybylavegur, Alfhólsvegur, Hlíðarvegur, Kársnesvegur (Kársnesbraut) og Urðarbraut.

Hreppsnefndin hófst síðan handa árið 1947 við gatnagerð og var þá byrjað á Kópavogsbraut. Var síðan unnið að vegagerð á vegum hreppsins næstu árin eins og fé og geta sveitarfélagsins hrökk til.


Holræsiamálin í Kópavogi sátu á hakanum fyrstu árin. Fyrsta holræsið sem hreppurinn lét gera var árið 1948 frá Kópavogsskóla suður af hálsinum og niður hlíðina í Kópavogslæk. Fyrir þann tíma var ekki um holræsagerð að ræða.

Eftir 1954 varð nokkur breyting á, en þá var hafist handa að gera verkfræðilegar áætlanir og teikningar af holræsakerfi bæjarins.

**ATVINNA.** Þegar Kópavogskaupstaður byggðist var fátt um atvinnutækifæri í bænum. Flestir íbúana sóttu vinnu sína til nágrannasveitarfélaganna. Fyrstu atvinnufyrirtækin voru nokkrar verslanir sem settar voru á fót til að fullnægja þörfum bæjarbúa um daglegar nauðsynjar. En smám saman komu önnur fyrirtæki inn í bæinn.

Bæjaryfirvöldum varð fljótlega ljós sú nauðsyn að byggja upp atvinnustarfsemi í byggðarlaginu. Vinnufært fólk sótti vinnu í önnur byggðarlög og það hlaut að vera ávinningur af því að fá opinber gjöld





mynd 2.6 Aðalskipulag Kópavogs 1982 - 2003.

**GERÐ DEILISKIPULAGS.** Deiliskipulagsvinna á svæðinu norðan Alfhólsvegjar og sunnan Nybylavegjar var unnin á árunum 1965-1968 með tilkomu Fossvogsræsis. Eftir samþykkt Aðalskipulag Kópavogs 1970 var hluti nybylanna Efstalands, Grænuhlíðar og Meltungu tekin til skipulags svo kallað Hjalla- og Hólmahverfi. Engihjallahverfið var síðan deiliskipulagt 1975.

Einnig var á þessum tíma skipulagt iðnaðarsvæði við Sniðjuveg og Skemmuveg. En árið 1973 skipulagði Reykjavík hluta Seljahverfisins inn í Fífluhvamsland í Kópavogi. Í framhaldi af því var gert samkomulag milli Reykjavíkur og Kópavogs um breytingar á lögsagnarmörkum og makaskipti á landi. Við þessa breytingu fékk Kópavogur 30.6 ha lands þar sem Sniðjuhverfi er nú og Reykjavík 33.7 ha lands þar sem nú er hluti Seljahverfis.

Í ársbyrjun 1973 var síðan skipulaögð byggð í Snælandsshverfi og hófust framkvæmdir þar með byggingu svonefndra viðlagasjóðshúsa 1973. Skipulag af innsta hluta Furugrundar ásamt fjölbylishúsunum við Ástún var samþykkt 1976. Og í ársbyrjun 1978 samþykktu bæjaryfirvöld skipulagssamkeppni í Ástúns- og Grænuhlíðarlöndum (Dal-tún og Brekkutún).

Skipulagsdeild bæjarins lauk síðan skipulagi á norðurhluta Kópavogs um 1980,- Bæjartún og Alfatún. Eftir skipulagningu Suðurhlíða og úthlutun þar verður Kársnesið og Digraneshálsinn að mestu fullbyggður.

**2.2 MENNINGARMINJAR.** Um þjóðminjamál fer samkvæmt lögum um þjóðminjar frá 1971. Umhverfissráð Kópavogs er umsagnaraðili um mál sem varða húsafriðun og sögulegar minjar. Á vegum umhverfissráðs skal unnið að söfnun örnefna í landi Kópavogs og að útgáfu örnefnaskrár. Þeskilegt væri að örnefna yrði einnig á einhvern hátt getið á viðeigandi stöðum.

Langmerkustu söguminjar í Kópavogi er hinn forni þingstaður á Þingnesi við Kópavog. Þar var Kópavogsfundurinn haldinn árið 1662 er danskur höfuðsmaður, Hinrik Bjelke, neyddi íslenska forystumenn til þess að undirrita einvaldsskuldbindinguna og að sverja Friðriki III danakonungi hollustueiða.

Minjar um þingstaðinn við Kópavog eru svokölluð þinghústöft og fangakofatóftir þar skammt frá. Rannsókn á þeim fór fram árin 1972-1975. Einnig eru þar dysjar austan túns, sem í dag er austan Hafnarfjarðarvegjar. Dysjar þessar eru nefndar Systkinaleiði, þau munu hafa lent undir Hafnarfjarðarvegi, og Hjónadys sem rannsökuð var í mars 1988. Friðlysingu dysjanna hefur nú verið aflétt.

Þingnes við Elliðavatn, hinn forni þingstaður Kjalnesinga, kom í hlut Kópavogs þegar bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs var breytt árið 1967. Við fornleifarannsóknir þar hafa komið þar í ljós á milli 15-20 tóftir.

Ekki eru skráðir aðrir fornminjastaðir í Kópavogi, en hinsvegar er fyrirhugað að gera úttekt á þeim menningarminjum sem finnast í bænum og eru frá seinni tímum. Þar á meðal má nefna byggingar og byggðamynstur frá frumbylissárum bæjarins, groðurreiti, vatnsveitu o.fl.

Rústir gamla bæjarins í Digranesi teljast ein af þeim minjum sem ákveðið hefur verið að varðveita. Það stendur til að lagfæra umhverfi þeirra og og fella að skipulagi opins svæðis við íþrottahúsið.

Af öðrum menningarminjum sem vert er að varðveita má nefna, Alfhólinn við Alfhólsveg, gamla landamerkjahólinn Einbúa innst á Digranesvegi við Skemmuveg. Stútaklett, sem er stór landamerkjarsteinn norðan í Nónhæð (á steininn eru klappaðir stafirnir LM og steininn Lat sem stendur á opnu svæði vestast í Suðurhlíðahverfinu. Einnig er ráðgert að varðveita gömul naust sem eru á norðanverðu Kársnesinu á lóð Vita- og hafnarmálastjórnar.

Nauðsynlegt er að afmarka sögu- og náttúruminjar og auðkenna á einhvern hátt. Samtímis þarf að veita um þær fræðslu þannig að bæjarbúar geti bæði lært að meta gildi þeirra og notið.

Náttúrufar og náttúruvernd.

**STEFNUMÖRKUN:**

- \* SAMSKIFTI MANNS OG NATTÚRU VERÐI MEÐ ÞEIM HÆTTI AÐ EKKI SPILLIST AÐ ÖÐRUFU LÍF OG LAND, NE MENGIST SJÓR, VATN EÐA ANDRUMSLOFT.
- \* STEFNT SKAL AÐ VERNDUN OG MERKINGUM STADA SEM ERU MEÐ SÆRSTÖKU NATTÚRUFARI Í BÆJARLANDINU.

### 3. NATTÚRUFAR OG NATTÚRUVERND.

#### INNGANGUR.

Náttúrufar í landi Kópavogs er fjölbreytilegt, fjallstoppur, vogar og nes, hraun og vallendi. Í Kópavogi eru bæði friðlystar náttúruminjar og önnur verndarsvæði.

#### 3.1 JARÐFRÆÐI.

Elsta berg á Íslandi er innan við 20 milljón ára en elsta berg á yfirborði í Kópavogi er líklega vel innan við hálfrar milljón ára gamalt.

Yngstu hraun sem runnið hafa á höfuðborgarsvæðinu eru frá sögulegum tíma.


Allur berggrunnur Kópavogs að undanskildu móbergi inn með Kópavogslæk er úr svo kölluðu Reykjavíkurgryti. Upptök þess eru óþekkt. Þykkt grágrytislaganna í Reykjavík er um 50 m þegar miðað er við hæstu hæðir s.s. Óskjuhlíð. Í Kópavogi virðast þau eitthvað þykkari. Við Nybylaveg hafa þau mælt 76 metrar (borhola HS-13) og við Digranes

87 m (borhola HS-22).

Mestu móbergsfjöll í landi Kópavogs eru Vífilsfell og hnjúkarnir þar suður af og Kóngsfell-Rauðuhnúkar mynda samstæðan móbergshrygg. Suðurhluti Bláfjalla er allur hulinn grágrytisþekju og flokkast þau því fremur til stapa en móbergshryggja.

Setlögin í Fossvogi liggja ofan á Reykjavíkurgrytinu og teygja sig allt frá botni vogsins og út með ströndinni Reykjavíkurmegin. Út með norðurströnd Kópavogs eru setlög sem minna margt á Fossvogslögin. Bæði

þessi setlög urðu til á síðjökultíma en sjór stóð þá allmiklu hærra við ströndina en hann gerir í dag. Efsti hluti Borgarholtsins, er í rúmlega 40 m hæð yfir sjó. Þar hefur aldan brotnað á skeri og skilið eftir sig þá lóbörðu hnullunga sem auðkenna holtið.



(mynd 3.1 Borgarholt)

Tvö eldstöðvakerfi teygja sig inn fyrir mörk Kópavogs. Það er Trölladyngjukerfið allt frá Tsólfsskála og Ögmundarhrauni í suðri að Úlfarsfelli í norðri. Eldvirkni í þessu kerfi er nú öll utan marka Kópavogs. Hitt eldstöðvakerfið er Brennisteinsfjallasveimurinn og kemur hann mikið við jarðsögu Kópavogs. Á þessu kerfi eru ekki færri en 8 hraun sem runnin eru frá eldstöðvum í Kópavogslandi. Þau yngstu frá sögulegum tíma.

### 3.2 VEDURFAR.

Nálægð sjávar og hæð landsins ræður mestu um veðurfar. Hitamunur milli árstiða er litill og hitasveiflur einstakra daga eru oftast fremur litlar. Þó er dálitill hitamunur innan höfuðborgarsvæðisins.

Úrkoma eykst með fjarlægð frá sjó og eftir því sem land hækkar. Miðað við Reykjavíkflugvöll eykst úrkoma um 20% við Árbæ um 40% við Hólm og um 55% í Lækjarbotnum. Eitt mesta úrkomusvæði landsins er síðan við Bláfjöll, en megnið af köldu grunnvatni á höfuðborgarsvæðinu kemur þaðan. Hlutar af landi Kópavogs við Elliðaavatni og upp Heiðmörk eru vernduð sem umhverfi vatnsbóla.

Suðaustlægar áttir eru ríkjandi á höfuðborgarsvæðinu. Þó er tíðleikiinn breytilegur frá einum stað til annars, enda ræður landslag þar miklu um. Norðvestan vindar eru fátiðir nema þá helst að sumarlagi, sem hafgola.

### 3.3 LANDSLAG.

Landslag í Kópavogi er fjölbreytilegt. Vestast er Kársnesið og hálsarnir mest áberandi með Fossvog og Kópavog sitthvoru megin. Lengra inn til landsins tekur við hæðalandslag. Vatnsendahvarf (140m), Rjúpnahæð (130m), Vatnsendahlíð (150m) ásamt Elliðaavatni og Heiðmörk.

Milli Heiðmerkur og Bláfjalla eru hraun mest áberandi. Hæst rís svo land í Kópavogi á skiðasvæði Bláfjallafólkvangs í um 700m.

**3.4 DYRALÍF.** Dyralíf í landi Kópavogs er fjölbreytt. Lágdyralíf í fjörum er auðugt, og er það undirstaða fuglalífsins, sem er mikið allann ársins hring. Leirurnar í Kópavogi er t.d. mikilvægur viðkomustaður farfugla. Nákvæmar upplýsingar um spendyrategundir, s.s. refi, minka, seli og nagdyr eru hinsvegar af skornum skammti.

### 3.5 GRÖÐURFAR.

**3.6 NATTÚRUVERND.** Um vernd náttúruminja fer samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 47/1971. Umhverfisstjórn Kópavogs er náttúruverndarnefnd Kópavogs samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga. Friðun eða friðlysing náttúrumyndana getur verið á mismunandi vegu. Henni fylgja að jafnaði einhverjar takmarkanir á nytingu eða hugsamlegum nytjum um leið og réttur almennings til umferðar er að öllum jafnaði tryggður. Á landinu öllu eru friðlyst svæði alls um 70 talsins. Þar af eru 5 svæði friðlyst í landi Kópavogs, þrjú náttúruvætti og tveir fólkvangar, þ.e. þeir hlutar Bláfjalla- og Reykjanesfólkvangs sem eru í landi Kópavogs.

## Friðlystar náttúruminjar í Kópavogi:

**BORGIR:** Lágbarið holt á Kársnesi, gömul strandlína. Friðlyst skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 188/1984, stærð 3 ha.

**VIGHOLAR:** Jökulsorfnar klappir á Digraneshálsi. Fagur útsynisstaður þar sem komið hefur verið fyrir útnisskifu. Friðlyst skv. auglýsingu í stjórnartíðindum B nr. 778/1983, stærð 1 ha.

**TROLLABÖRN:** Gerfigígar á möts við Geirland við Suðurlandsveg. Friðlyst samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 294/1983, stærð 5 ha.

**BLAFJALLAFÖLKVANGUR:** Friðlystur 1973 og endurskoðuð friðlysing frá 1985 í Stjórnartíðindum B nr. 173/1985. Heildarstærð 8.400 ha.

**REYKJANESFÖLKVANGUR:** Friðlystur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Heildarstærð 30.000ha.

A náttúruminjakrá sem birt er eftir hvert Náttúruverndarþing er aðeins að finna eitt svæði sem tengist Kópavogi er það eru fjörur í Kópavogi úr með Kársnesi.

Í fjölríti um náttúruvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 1981 er að finna skrá um 64 staði á þessu svæði með upplýsingar um stærð staðanna, Náttúruverndargildi og ávendingar um þá vernd sem talin er við hæfi. Þar er bent á 10 svæði í landi Kópavogs: FJÖRUR Í FOSSVOGI, FJÖRUR Í KÓPAVOGI, VATNASVIÐ ELLIDAANNA, BORGIR Á KÁRSVESI, TROLLABÖRN Í LÆKJARBOTNUM, KÓPAVOGSLÆKUR OG NÄGRENNI, FOSSVOGSDALUR, VIGHÖLL, ALFHÖLL OG EINBUI.

Hér er auk þess lagt til að HADEGISHÖLAR í landi Fifuhvamms verði verndaðir sem hluti af stærra útivistarsvæði. Einnig hefur verið bent á sjávarstall umhverfis Nónhæð á mörkum kópavogs og Garðabæjar, svo og Vatnsendahvarf og Rjúpnahæð en þessar hæðir mynda nokkurs konar skil milli upplanda Kópavogs og nassins og voganna.



Vernduð svæði í landi Kópavogs

★ Náttúruverndarsvæði

● Verndað samkvæmt þjóðminjalögum.

## 4. LANDNOT OG LANDNYTING.

### INNGANGUR.


Lögsagnarumdæmi Kópavogs er þrískipt og er í þessu aðalskipulagi aðallega fjallað um heimalandið svokallaða, þ.e. landið vestan Elliðavatns og Heiðmerkur að sjó.

Ákvarðanir varðandi landnotkun og nýtingarhlutfall lands ráðast af mörgum þáttum og er stór hluti vinnu við aðalskipulag, svo og mikilvægt stjórnþæki yfirvalda.

### 4.1 LÖGSAGNARUMDÆMI.

Land innan lögsögu Kópavogs er um 8300 ha að stærð og skiptist í þrjá hluta. Vestast er "heimalandið" um 1.700 ha allt frá sjó að Heiðmerkurgirðingu og mörkum Kópavogs og Reykjavíkur í Elliðavatni, sem fyrr segir.

Austan Heiðmerkur eru síðan tvö aðskilin svæði. Syðra svæðið um 2.800 ha nær frá Heiðmörk að sýslumörkum Árnessýslu og hreppamörkum Ölfushrepps á Bláfjöllum sunnan þjónustumiðstöðvar og skiðalyftusvæða Bláfjállafólksvangs. Nyrðra svæðið, um 3800 ha nær frá Hólmsá við Gunnarshólma yfir Lækjarbotna og Sandskeið suður undir Rauðuhjúka í Bláfjöll og af Vífilsfelli noður á móts við Lyklafell.



(Mynd 4.1. Lögsagnarmörk Kópavogs).

Nánari lýsing er á lögsögumörkum Kópavogs í kafla 12 á bls. 81. Þar er einnig skýrt frá orsökum fyrir þeirri þrískiptingu lögsagnarumdæmisins, er að ofan greinir.

#### 4.2 EIGNARHALD.

Landsvæði það sem landnotkunarkort aðalskipulagsins nær til, - heimalandið, er vestan Elliðavatns til sjávar og telst vera 1.670 ha.

Um 670 ha þessa lands eru í einkaeign. Stærst þeirra er Vatnsendaland um 480 ha og land í Kópavogsdal 78 ha. Land í eigu ríkisins er einkum í Vatnsendahvarfi og Rjúpnahæð svo og Kópavogshéli alls um 200 ha.

(TAFLA 4.1 EIGNARHALD A LANDI. STÆRÐIR Í HEKTURUM)

Bæjarhluti	Landstærð alls:	Kópavogs- bær	Einkalóðir og lönd	Ríkið lönd og vegir	Aðrir
Kársnes ásamt Hafn- arfjarðarvegi frá Fossvogslæk að Kópa- vogslæk	170.14	140.89		29.25	
Digranes að Kópa- vogslæk ásamt Reykjanesbraut	338.97	335.82		3.15	
Smárar og Arnar- nes ásamt Reykja- nesbraut sunnan Kópavogslækjar	159.83	66.86	78.31	14.66	
Fífuhvammur ásamt lóð Landsíma Íslands að hluta og lóð Rafmagnsveitu Reykjavíkur	271.26	217.23	2.22	51.51	0.3
Vatnsendi þar af lóð Landssíma Íslands og Vatns- endavatn	730.55	46.42	570.21	108.12	5.80
Heimalandið alls:	1670.75	807.22	650.74	206.69	6.10
Lækjarbotnar og Sandskeið	3329.60	3184.80	92.60	52.20	
Frá Heiðmörk að Bláfjöllum	2850.30	2850.30			
Kópavogur alls uppgafið í heilum hekturum	7850 ha	6842 ha	743 ha	259 ha	6 ha

HEIMILD: Bæjarverkfræðingur Kópavogs 1989.

#### 4.3 LANDNOTKUN.

Ákvarðanir um landnotkun og landnytingu fara að verulegu leyti eftir legu landsins og eiginleikum þess. Í hugtakinu landnotkun felst ákvörðun um til hvers nota eigi landið. Sú ákvörðun er sett fram á landnotkunarkorti aðalskipulagsins. Notkun lands í þéttbýli Kópavogs má skipta í fjóra meginflokka:

- \* útivistarsvæði
- \* íbúðasvæði
- \* athafnasvæði
- \* götur og stíga

Hver þessara flokka er auðkenndur á landnotkunarkortinu með ákveðnum lit eða mynstri.

Útivistarsvæðum er skipt í fjóra undirflokka.

- \* opin svæði
- \* opin svæði til sérstakra nota
- \* friðlyst svæði samkvæmt lögum
- \* vernduð svæði, svæði sem bæjarstjórn telur ástæðu til að vernda vegna náttúrufars eða sögu.

Athafnasvæðum er skipt í sex flokka:

- \* miðbæ og miðhverfi
- \* verslun- og þjónustusvæði
- \* iðnaðarsvæði
- \* stofnanasvæði
- \* hafnarsvæði
- \* landbúnaðarsvæði

Götum er skipt í fjóra flokka eftir hlutverki þeirra og eru tveir þeir fyrst töldu syndir á landnotkunarkorti aðalskipulagsins:

- \* stofnbrautir
- \* tengibrautir
- \* safngötur
- \* húsagötur

Stígum er skipt í þrjá flokka:

- \* aðalgöngustíga
- \* hverfastíga
- \* reiðstíga

Á landnotkunarkorti aðalskipulagsins hafa verið gerðar fjölmargar breytingar frá því það var síðast samþykkt í bæjarstjórn árið 1985. Það var gert til að laga kortið að núverandi ástandi og hugmyndum um byggðabróun. Breytingarnar felast einkum í afmörkun svæða, breytttri landnotkun og legu og flokkun gatna.

Við gerð landnotkunarkorts Aðalskipulags Kópavogs 1988-2008 hafa verið notaðir fleiri flokkar landnotkunar en í korti aðalskipulags 1982-2002. Þeir eru:

- \* miðbær og miðhverfi eru auðkennd sérstaklega með ljósgulum lit

- \* friðlyst svæði samkvæmt lögum eru synd með rauðbrúnum lit og umhverfis vernduð svæði er dregin rauðbrún lína
- \* landbúnaðarsvæði eru auðkennd með ljósbrúnum lit
- \* almenn opin svæði eru græn og opin svæði til sérstakra nota eru dökkgræn
- \* stofnanasvæði opin almenningi eru synd röndótt þ.e. rauðgul og dökkgræn
- \* hafnarsvæðið er auðkennt með bláum lit
- \* stofnbrautir eru táknaðar með rauðum línun og tengibrautir með rauðgulum línun.
- \* helgunarsvæði meðfram stofnbrautum eru auðkennd með ljósum gulgrænum lit

Vakin skal sérstök athygli á því að á bakhlíð landnotkunarkortsins er útdráttur úr greinargerð aðalskipulagsins ásamt yfirlitsupprætti sem synir m.a. lögsögumörk Kópavogs.

#### 4.4 NYTING.

Í gerð aðalskipulags hér á landi hefur megináherslan verið lögð á að ákveða landnotkun. Minna hefur verið lagt upp úr að áætla byggingarmagn á hverja flatareiningu þ.e. nytingarhlutfall lóða eða reita.

Þeir þættir sem hafa hvað mest áhrif á nytingarhlutfall er landnotkun, staðsetning og landgæði. Í miðhverfum og við megin umferðaræðar (miðbærinn og fyrirhugað miðhverfi í Fífuhammslandi) er nytingin hæst og eftir því sem byggðin þenst út verður landið þar verðmætara.

Nyting hefur jafnframt áhrif á umferð, bílastæðapörf, útsyni og skuggamyndun. Í skipulagi er því nauðsynlegt að gefnar séu leiðbeinandi viðmiðanir um æskilegt byggingarmagn.

Ekki liggja fyrir tæmandi upplýsingar um nytingarhlutfall einstakra reita í eldri byggð bæjarins. Því er mikilvægt þegar fjallað er um byggingarleyfi í þegar byggðum hverfum að tekið sé tillit til nytingar aðliggjandi lóða, hæðar húsa og þarfar fyrir bílastæði.

Í hverfaskipulagi verður gerð nánari grein fyrir æskilegri nytingu í eldri hverfum bæjarins.

Húsagerðir hafa áhrif á nytingu í íbúðarhverfum. Reynslan hefur sýnt að eðlilegt er að miða sé við eftirfarandi námarsnytingu á nýjum íbúðarsvæðum: (nettónyting, þ.e. nyting einstakra reita):


* einbylishús	0,20-0,35
* raðhús	0,35-0,60
* sambylishús (2 til 5 íbúðir í stigagangi)	0,50-0,80
* fjölbylishús (6 til 10 íbúðir í stigagangi)	0,60-0,90
* háhysi	0,80-2,00

Hámarksnyting á athafnasvæðum er synd í eftirfarandi töflu (nettónyting):

* vörugeymslur og hafnarsvæði Dæmi: Kársneshöfn	0,2-0,4
* iðnaðarhverfi Dæmi: Vesturvör, Dalvegur	0,3-0,5
* blönduð athafnahverfi í útjaðri byggðar Dæmi: Smiðjuhverfi	0,4-0,7
* blönduð athafnahverfi miðsvæðis Dæmi: Nybylavegur	0,7-1,0
* athafnahverfi í jaðri miðhverfis Dæmi: Auðbrekka	0,8-1,2
* miðhverfi Dæmi: Miðberinn	≥ 1,0

(TAFLA 4.2 ÆTLUN UM ÞETTLEIKA ÍBUDARSVÆÐA A NYBYGGINGARSVÆÐUM.)


ÍBUDARSVÆÐI:	Stærð(1)	Ætlaður fj. íbúða	Ætlaður fj. íbúa(2)	Fjöldi íbúa á hektara
<b>Kópavogsdalur:</b>				
svæði 1	11 ha	170	500	45
svæði 2	11 --	300	1.000	90
svæði 3	14 --	750	2.300	164
svæði 4	12 --	150	450	38
svæði 5	7 --	152	460	66
Kópavogsdalur alls:	55 ha	1.522	4.710	85
<b>Fifuhvamsland:</b>				
svæði 6	40 ha	1.200	3.500	90
svæði 7	50 --	1.200	3.500	70
Fifuhvamsland alls:	90 ha	2.400	7.000	78
<b>Vatnsendaland:</b>				
svæði 8	24 ha	800	2.500	100
svæði 9	33 --	500	1.500	45
svæði 10	45 --	300	1.000	22
Vatnsendi alls:	102 ha	1.600	5.000	49
<b>ÍBUDARSVÆÐI ALLS:</b>	<b>247 ha</b>	<b>5.522</b>	<b>16.710</b>	<b>67</b>



(MYND 4.2 NYBYGGINGARSVÆÐI. ÍBUDARHUSNÆÐI.)

(TAFLA 4.3 ÆTLUN UM LANDNYTINGU OG BYGGINGARMAGN ATVINNUHÚS-  
NÆDIS Á FYRIRHUGUÐUM NYBYGGINGARSVÆÐUM.)

ATHAFNASVÆÐI:	Stærð	Notkun(3)	Líklegt nytingar- hlutfall(4)	Byggingar- magn
<b>Kópavogsdalur:</b>				
svæði 1	11 ha	blönduð	0.6	54.000 m <sup>2</sup>
svæði 2	11 ha	verslun/þjónusta	0.7	58.000 m <sup>2</sup>
svæði 3	5 ha	blönduð	0.7	25.000 m <sup>2</sup>
svæði 4	10 ha	iðnaðarhverfi	0.5	38.000 m <sup>2</sup> (5)
Kópavogsdalur alls:				175.000 m <sup>2</sup>
<b>Fífuhammsland vestur:</b>				
svæði 5	4 ha	blönduð	0.7	21.000 m <sup>2</sup>
svæði 6	15 ha	iðnaðarhverfi	0.5	56.000 m <sup>2</sup>
svæði 7	7 ha	miðhverfi	1.5	78.000 m <sup>2</sup>
svæði 8	3 ha	verslun/þjónusta	0.7	8.000 m <sup>2</sup>
svæði 9	4 ha	verslun/þjónusta	0.7	10.000 m <sup>2</sup>
Fífuhammsland vestur alls:				173.000 m <sup>2</sup>
<b>Fífuhammsland austur:</b>				
svæði 10	5 ha	iðnaðarhverfi	0.5	19.000 m <sup>2</sup>
svæði 11	10 ha	iðnaðarhverfi	0.5	38.000 m <sup>2</sup>
Fífuhammsland austur alls:				57.000 m <sup>2</sup>
<b>Vatnsendaland:</b>				
svæði 12	12 ha	blönduð	0.7	63.000 m <sup>2</sup>
svæði 13	14 ha	blönduð	0.7	74.000 m <sup>2</sup>
svæði 14	8 ha	blönduð	0.7	42.000 m <sup>2</sup>
Vatnsendaland alls:				179.000 m <sup>2</sup>
Atvinnuhúsnæði alls á nybyggingarsvæðum Kópavogs:				584.000m <sup>2</sup>



(MYND 4.3 NYBYGGINGARSVÆÐI. ATVINNUHÚSNÆÐI.)

- (1) Stærð svæða er mæld á landnotkunarkorti í mælikvarða 1:10.000
- (2) Miðað er við 3.0 íbúa í íbúð. Rétt er að taka fram að í sérbylishúsabyggð eru 3.5 - 4.0 íbúar á íbúð en að jafnaði 2.0 - 2.5 í fjölbylishúsabyggð. Talan 3.0 er því notuð hér sem meðaltal fyrir útreikninga á öllum fyrirhuguðum nybyggingarsvæðum.
- (3) Samkvæmt landnotkunarkorti
- (4) Það nytingarhlutfall sem gefið er upp í þessari töflu er leiðbeinandi við útreikninga á áætluðu byggingarmagni og getur breyst við nánari útfærslu skipulagsins.
- (5) Í þessu athafnahverfi hafa þegar verið byggðir um 20.000 m<sup>2</sup> athafnahúsnæðis samkvæmt stofnskrá fasteignamats Kópavogs 1988.

.bd

(TAFLA 4.3 SAMEINADIR SKIPULAGSMÖGULEIKAR)

	1986	2008	Kópavogur fullbyggður
Íbúafjöldi	15.581	21.300	32.000
Fjöldi íbúða	5.600	7.500	11.000
Íbúar á íbúð	2.8	2.8	2.9
Atvinnuhúsnæði (m <sup>2</sup> )	245.500	560.000	900.000
Atvinnuhúsnæði m <sup>2</sup> /íbúa	15	23	26

Íbúar og húsnæðismál.

**STEFNUMÖRKUN:**

- \* STEFNT ER AÐ ÞVI AÐ FYRIRHUGUÐ NYBYGGINGARSVÆÐI Í KÖPAVOGSDAL OG VESTURHLUTA FÍFUHVAMMSLANDS FULLNÆGI BYGGINGARÐORF Í BENUM A SKIPULAGSTÍMABILINU.
- \* STEFNT ER AÐ ÞVI AÐ UM 150 - 200 ÍBUDIR VERÐI FULLGERÐAR AÐ MEDALTALI A ARI NÆSTU TÍU ÁRIN.
- \* BREYTINGAR A ÍBUDARBYGGÐ Í ELDRI HVERFUM BÆJARINS VERÐI EKKI LEYFÐAR AN UNÐANGENGINNAR ATHUGUNAR A ÞVI HVADA AHRIF ÞÆR KUNNA AÐ HAFNA A YFIRBRAGÐ BYGGÐAR, UMFERÐ, BÍLASTÆÐAÐORF, ÚTSYNI OG SKUGGAMYNDUN.

# 5. ÍBÚAR OG HÚSNÆÐISMÁL.

## INNGANGUR.

Íbúafjölgun í Kópavogi hefur verið hröð undanfarna áratugi. Frá 1980 til 1986 hægði þó töluvert á henni (sjá töflu 5.5). Á árunum 1987 og 1988 fjölgaði íbúunum enn á ný enda hefur framboð lóða í bænum aukist.

Á árunum 1988 og 1989 var 16 ha landsvæði deiliskipulagt í Kópavogsdal sem íbúðarsvæði fyrir um 2.300 manns. Áætlað er að svæðið muni byggjast á fyrri hluta skipulagstímabilsins og að fólksfjölgun í bænum verði því að sama skapi mikil.

Áætlun Byggðastofnunar benda til þess að síst dragi úr fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á næstu áratugum. Kópavogur er vel í sveit settur til að taka á móti stórum hluta þess fólks sem vill flytja til höfuðborgarsvæðisins.

### 3.1 HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ.

Í janúar 1989 var unnin greinargerð á Byggðastofnun, "Endurmat byggðastefnu". Þar er áætlað að íbúum höfuðborgarsvæðisins muni fjölga til aldamóta um 30.000 og tæp 52.000 til ársins 2010. Þar af er reiknað með að rúmlega helmingur fjölgunarinnar sé vegna aðflutnings. Samkvæmt spánni er því gert ráð fyrir að hlutfall höfuðborgarsvæðisins af fjölda landsmanna verði um 64% að 20 árum liðnum, hækki um 8% miðað við árið 1988 sem er því meiri hlutfallsleg hækking en hún var síðustu 30 árin.

**TAFLA 5.1 DRÖLUN ÍBÚAFJÖLDA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS OG KÓPAVOGS 1953 - 1988.**

	HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ (1)		KÓPAVOGUR	
	Íbúafjöldi	% af öllu landinu	Íbúafjöldi	% af höfuðborgarsvæðinu
1953	71.002	49.77	2.688	3.78
1958	84.377	50.10	5.149	6.10
1963	96.071	51.40	7.684	7.15
1968	107.492	53.16	10.887	9.47
1973	114.947	53.84	11.639	10.12
1978	119.522	53.27	13.269	11.10
1983	128.434	53.92	14.433	11.23
1984	130.485	54.37	14.565	11.16
1985	132.319	54.66	14.592	11.03
1986	134.568	55.15	14.609	10.85
1987	137.743	55.68	15.018	10.90
1988	141.916	56.48	15.581	11.00

(1) Auk Kópavogs tilheyra eftirtalin sveitarfélög höfuðborgarsvæðinu 1988: Kjósar- og Kjalarneshreppar, Mosfellsbær, Reykjavík, Sel-tjarnarnes, Garðabær, Bessastaðahreppur og Hafnarfjörður.

### 5.2 KÓPAVOGUR.

Íbúar í Kópavogi voru 15.581 1. desember 1988; 7.781 karl og 7.800 konur. Á síðustu 20 árum frá 1968 - 1988 hefur íbúum fjölgað um 4.700 manns eða 235 að meðaltali á ári. Síðan 1986 hefur fólksfjölgunin þó verið mun hraðari eða um 500 manns á ári enda hefur framboð byggingalóða í bænum verið mikið.

Í vesturbænum búa um 4.350 manns og um 11.000 í austurbæ, þar af 8.500 íbúar norðan Digranesvegjar. Þegar suðurhlíðar Digranesháls verða fullbyggðar er gert ráð fyrir að sunnan Digranesvegjar búi um 4.500 manns. Í Vatnsenda- og Lækjarbotnalöndum búa um 200 manns.

**TAFLA 5.2 .ÍBÚAFJÖLDI Í KÖPAVÖGI 1950 -1988.**

ÁR	FJÖLDI	FJÖLGUN MILLI ÁRA	FJÖLGUN Á 5 ÁRUM	FJÖLGUN Á ÁRI AÐ MEDALTALI
1950	1.652	242		
1951	1.874	222		
1952	2.117	243		
1953	2.688	571		
1954	3.249	561	1.839	368
-----				
1955	3.783	534		
1956	4.344	561		
1957	4.827	483		
1958	5.149	322		
1959	5.611	462	2.362	472
-----				
1960	6.213	602		
1961	6.681	468		
1962	7.163	482		
1963	7.684	521		
1964	8.381	697	2.770	554
-----				
1965	9.204	823		
1966	10.014	810		
1967	10.596	564		
1968	10.887	291		
1969	10.991	104	2.592	518
-----				
1970	11.165	174		
1971	11.218	53		
1972	11.478	260		
1973	11.639	160		
1974	12.090	451	1.098	219
-----				
1975	12.570	480		
1976	12.848	278		
1977	12.889	41		
1978	13.269	380		
1979	13.533	264	2.541	508
-----				
1980	13.819	286		
1981	13.996	177		
1982	14.279	283		
1983	14.433	154		
1984	14.546	113	1.013	202
-----				
1985	14.631	85		
1986	14.678	56		
1987	15.056	369		
1988	15.581	525	(1.035) (1)	(259) (1)

(1) 4 ár

**TAFLA 5.3 YFIRLIT UM FÓLKSFLUTNINGA TIL OG FRÁ KÓPAVOGI 1978 -1988.**

ÁR	TIL KÓPAVOGS	FRÁ KÓPAVOGI	MISMUNUR	HEILDARFJÖLGUN MILLI ÁRA
1978	1.216	1.040	+176	380
1979	1.147	1.121	+ 26	264
1980	1.238	1.192	+ 46	286
1981	1.214	1.267	- 53	177
1982	1.258	1.169	+ 89	283
1983	1.206	1.276	- 70	154
1984	1.295	1.323	- 28	113
1985	1.296	1.439	-143	85
1986				56
1987				369
1988				525
		<b>MEDALTAL</b>		<b>245</b>

A undanförunum árum hefur aldursskipting bæjarbúa breyst töluvert. Hlutfallslega færri eru í yngstu aldurshópnum en hlutfallslega fleiri í þeim elstu.

**TAFLA 5.4 ALDURSSKIPTING 1970 OG 1988.**

ALDUR	HLUTFALL	
	1970	1988
0-14	38%	25%
15-64	58%	67%
65+	4%	8%
ALLS	100%	100%


### 5.3 IBÚASPA.

Í framreikningum Bæjarskipulags um íbúafjölda er áætlað að í lok skipulagstímabilsins hafi íbúum í Kópavogi fjölgað um 5.500 - 11.500 manns,- verði á bilinu 21.000 - 27.000, allt eftir því hve aðflutningur fólks til Kópavogs verður mikill.

Akveðin íbúaspá var notuð sem viðmiðun til að áætla landrymisþörf í Kópavogi út skipulagstímabilið. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að íbúum bæjarins hafi fjölgað um 8.500 manns árið 2008 verði um 24.000, og fjölgi því að meðaltali um 425 íbúa á ári út skipulagstímabilið.


Í spánni er þó gert ráð fyrir að fjölgun íbúa í bænum verði mun hraðari á fyrri hluta skipulagstímabilsins eða allt að 600 íbúar á ári. Er þá tekið mið af áformun um byggingarframkvæmdir í Kópavogsdal.

Íbúaspárnar byggjast á gagnagrunni Byggðastofnunar varðandi fæðingar- og dánartíðni. Þar kemur enn fremur fram að fjölgun íbúa án flutninga (náttúruleg fjölgun) verði um 3.000 manns á skipulagstímabilinu eða að meðaltali um 150 manns á ári. En hvað varðar fólksflutninga til og frá Kópavogi á skipulagstímabilinu þá voru settir fram fjórir mismunandi kostir (sjá mynd 5.1).



(MYND 5.1 AETLADUR FJOLDI ADFLUTTRA UMFRAM BROTTFLUTTA A ARI.)

Samkvæmt íbúaspánni mun hlutfall fólks á aldrinum 65 ára og eldri aukast mest eða úr 7.5% af íbúafjölda bæjarins 1988 í 10 - 11% í lok skipulagstímabilsins. Hlutfall yngstu íbúanna mun aftur á móti lækka á sama tíma. Hlutfall fólks á starfsaldri mun samkvæmt spánni aukast um 7% (sjá töflu 5.5).



(mynd 5.2 ÍBUAFJOLDI/ÍBUASPAR 1978 - 2008.)

(tafla 5.5 ALDURSKIPTING IBÚA KÓPAVOGS 1988 - 2008.

Aldur	Fjöldi 1988	1988 %	1998 %	2008 %
0-14	3.961	25.4	22.3	21.4
15-24	2.677	17.2	14.7	14.5
25-34	2.833	18.2	14.8	14.4
35-49	2.731	17.5	22.4	22.7
50-64	2.210	14.2	15.0	16.5
65+	1.169	7.5	10.8	10.5
Samtals	15.581	100.0	100.0	100.0

Rétt er að undirstrika að oft reynist erfitt að spá um fjölgun íbúa yfir langann tíma. Margir þættir hafa þar áhrif á, flestir ófyrirséðir. Það er því mikilvægt að íbúaspár og áætluð landrymisþörf séu endurskoðaðar oft á hverju skipulagstímabili.

#### 5.4 IBÚÐIR.

Byggð á Kársnesi og Digraneshálsi er að mestu fullmótuð. Þó er enn eftir að byggja um 300 íbúðir í suðurhlíðum Digranesháls. Þegar þeim byggingarframkvæmdum er lokið, áætlað 1991, munu um 17.000 manns búa í "Gamla Kópavogi".

Árið 1988 voru um 5.600 fullgerðar íbúðir í Kópavogi en það samsvavar að 2.8 íbúar séu í hverri íbúð. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamatí Kópavogs eru 34% alls íbúðarhúsnæðis í bænum sérbyli. Til samanburðar er um 24% alls íbúðarhúsnæðis í Reykjavík talið sérbyli og í Garðabæ tæplega 90%. (Heimild: Árbók Reykjavíkur 1988 og Þjóðhagsstofnun).

Á síðasta aldarfjórðungi voru byggðar um 3.500 íbúðir. Miðað við fjölgun í Kópavogi á sama tímabili um 7.900 íbúa, hefur byggst ein ný íbúð fyrir hverja 2.25 nýja íbúa í bænum.

Kópavogsbúar búa nú rymra en nokkru sinni fyrr. Meðalstærð nýrra íbúða sem byggðar voru 1985 - 1988 var 480 m<sup>3</sup> en var 370 m<sup>3</sup> á árunum 1975 - 1979. Fjöldi íbúa í hverri íbúð er mismunandi eftir hverfum, allt frá 2.4 íbúum í eldri hluta bæjarins í 3.5 - 4.5 íbúa í nýjustu hverfunum.

Um landnytingu í íbúðarsvæðum sjá kafla 4.4 bls. 19.

Samkvæmt upplýsingum Fasteignamats Kópavogs er um 7% íbúðarhúsnæðis í Kópavogi í eigu fólks sem á lögheimili utan bæjarins. Þetta samsvavar því að tæplega 400 íbúðir séu í eigu utanbæjarmanna. Samsvarandi hlutfall í Reykjavík er 5%.

Á síðustu árum hafa orðið miklar félagslegar breytingar hér á landi, sem hafa haft áhrif á eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, einkum fjölda og stærð. Mikilvægasta breytingin er fólgin í breytttri fjölskyldugerð. Heimilum kjarnafjölskyldna hefur til dæmis fækkað hlutfallslega á síðustu áratugum um 20% meðan heimilum einstaklinga og fráskilinna hefur stöðugt fjölgað.

Auk þess sem öldruðum fjölga hlutfallslega þá fjölgaði t.d. einhleypum á aldrinum 16 - 65 ára um rúm 14% í Kópavogi á árunum 1982 til 1987. Á samatímabili fækkaði kjarnafjölskyldum um tæp 2%.

**(tafla 5.6 FJOLDI ÍBÚA A ÍBÚÐ A HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 1973 - 1988.**

	1973	1977	1981	1985	1988
Kjósarhreppur				2.74	2.67
Kjalarheshreppur				2.87	3.00
Mosfellsbær	5.96	5.50	3.61	3.58	3.48
Reykjavík	3.17	2.83	2.64	2.60	2.57
Seltjarnarnes	3.85	3.60	3.75	3.49	3.26
Kópavogur	3.62	3.17	2.92	2.82	2.76
Garðabær	4.48	4.10	3.58	3.39	3.44
Bessastaðahreppur	5.14	4.41	4.26	4.51	5.12
Hafnarfjörður	3.80	3.53	3.37	3.32	3.31
höfuðborgarsvæðið	3.32	3.01	2.81	2.76	2.74

**(tafla 5.7 MEÐALFJOLDI FULLGERÐRA ÍBÚÐA A ARI 1965 - 1988.**

1965 - 1969	116
1970 - 1974	154
1975 - 1979	226
1980 - 1984	123
1985 - 1988	253 (1)

(1) 4 ár

**(tafla 5.8 FJOLDI OG MEÐALSTÆRÐ ÍBUDARHUSNÆÐIS Í KÓPAVOGI 1965 - 1988**

Byggingarár (lokið bygg.)	Sérbyli		Sambyli	
	fjöld íbúða	meðalstærð í rúmmetrum	fjöldi íbúða	meðalstærð í rúmmetrum
1965 - 1969	562	481	20	340
1970 - 1974	498	476	271	328
1975 - 1979	286	566	845	301
1980 - 1984	202	612	412	303
1985 - 1988 (1)	182	638	173	337
	1.730	526 m <sup>3</sup>	1.721	306 m <sup>3</sup>

(1) 4 ár

Heimild: Þjóðhagsstofnun  
Byggingarfulltrúi Kópavogs.

**5.5 BREYTINGAR Í ELDRI HVERFUM.**

Eins og skýrt er frá í kafla um þróun byggðar á bls. 6, þá tók byggð fyrst að þéttast í Kópavogi eftir 1930 en uppbygging hófst að ráði um miðjan 5. áratuginn. Fljótlega voru gerðir skipulagsuppdrættir af helstu byggingarsvæðunum. Þó svo að dæmi hafi verið um að einstaka reitir hafi verið skipulagðir með ákveðinni húsateikningu, var algengara að menn hefðu að mestu frjálssar hendur varðandi útlit og ytri frágang. Innflutningshöft á byggingavörum voru í gildi á þessum fyrstu árum og samhliða voru sett lög sem takmörkuðu m.a. stærðir húsa. Töluvert var um að sumarbústaðir væru gerðir að heilsársbústöðum.

A sínum tíma var fólk hvatt til að rífa lítil eldri hús og byggja í þeirra stað hús með fleiri íbúðum, þar sem byggingarlag við götu leyfði. Í þessum tilgangi voru veittir afslættir á gatnagerðargjöldum.

Nú er sú regla viðhöfð að rúmtak eldra húss er dregið frá rúmtaki nýbyggingar við útreikning gatnagerðargjalda.

Ekki eru hugsaðar neinar megin breytingar á heildarsvip eldri byggðar á skipulagstímabilinu enda byggðin að mestu fastmótuð. En minni breytingar vegna viðhalds eða stækkunar einstakra húsa með þakbreytingum, garðskálum eða bílskúrum eru fyrirsjánlegar.

Við gerð hverfaskipulags sem fylgja mun í kjölfar aðalskipulags verður tekið nánar á ymsum þáttum sem taka verður tillit til við breytingar og endurskoðun á skipulagi eldri bæjarhluta Kópavogs og synt hvernig stefnt er að því að fullgera hvert hverfi.

#### 5.6 FRAMTÍÐARBYGGINGASVÆÐI.

Áætlanir um nýbyggingar og þörf á landrymi fyrir íbúðarhúsnæði á næsta skipulagstímabili taka annars vegar mið af íbúaspá og hins vegar af þeim hugmyndum sem uppi eru um lóðaframboð og uppbyggingarhraða á nýbyggingarsvæðum. Rétt er að undirstrika að margir óvissuþættir tengjast áætlunum um húsnæðisþörf. Nefna má tekju- og lánamöguleika fólks, verðlag á húsnæðismarkaðinum, atvinnuástand í landinu, breytt fjölskyldumynstur og breytingar á sviði fjarskipta. Allt eru þetta þættir sem taka verður tillit við endurskoðun aðalskipulagsins.

Á árunum 1980 - 1988 voru að meðaltali tæplega 100 íbúðir fullgerðar á hverju ári í Kópavogi. Gera má ráð fyrir að á fyrri hluta skipulagstímabilsins verði töluvert fleiri íbúðir fullgerðar á ári eða allt að 150 - 200 íbúðir. Með fullgerðri íbúð er átt við að hún sé íbúðarhæf.

Helstu nýbyggingasvæðin 1988 -1990 eru í suðurhlíðum Digranesháls og við Huldubraut í Fossvogi. Á þessum tveimur svæðum er áætlað að verði um 650 íbúðir þegar svæðin verða fullbyggð.

Í nyrðri hluta Kópavogsdals hefur verið deiliskipulagt svæði fyrir um 750 íbúðir aðalega í fjölbylishúsum. Áætlað er að byggingaframkvæmdir hefjist þar á árinu 1990. Í framhaldi af því svæði má gera ráð fyrir að syðri hluti Kópavogsdals og Digraneshlíðar verði teknar til byggingar. Líklegt er að á þessum svæðum verði um 600 íbúðir einkum í sérbyli.

Fyrirhuguð byggð í norður- og suðurhluta Kópavogsdals munu mynda eitt skólahverfi. Grunnskóli er fyrirhugaður norðan Fífuhvammsvegar í tengslum við íþróttasvæði.

Suður hluti Kópavogsdals er í einkaeign en Fífuhvammsland er í eigu bæjarins. Gert er ráð fyrir að helmingur þess, vestur hlutinn, með 3.000 til 3.500 manna byggð, byggist á skipulagstímabilinu og er miðað við það í íbúaspá.

Ekki er gert ráð fyrir að eystri hluti Fífuhvammslands byggist á skipulagstímabilinu. En áætlað er að á því svæði verði 3.500 manna byggð. Áætlaður íbúafjöldi í fullbyggðu Fífuhvammslandi er því um 6.000 - 7.000 manns. Þar er gert ráð tveimur skólahverfum grunnskóla ásamt framhaldsskóla.


A árunum 1988 og 1989 var efnt til hugmyndasamkeppni um skipulag á 184 ha svæði í Fífuhvammslandi. Samkeppnin var auglýst í byrjun nóvember 1988 og þann 11. maí 1989 kynntu bæjaryfirvöld niðurstöður hennar. Alls barst 21 tillaga.

Markmiðið með samkeppninni var að fá fram hugmyndir sem flestra um það hvaða möguleika Fífuhvammslandið hefði að bjóða og að skapa umræðu um gerð byggðar í þéttbyli. Í samkeppninni skyldi gera grein fyrir heildarskipulagi svæðisins og að auki hugmyndum að deiliskipulagi innan afmarkaðs reits.




Í þeirri tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni kveður við nýjan tón í skipulagi byggðar hér á landi. En helsta einkenni hennar er mikil blöndun íbúða, atvinnustarfsemi og þjónustu. Landnotkunaruppdráttur aðalskipulagsins tekur mið af því.

Í niðurstöðum hugmyndasamkeppninnar felst gott veganesti fyrir bæjaryfirvöld í Kópavogi við áframhaldandi skipulagsvinnu, ekki aðeins við mótn byggðar í Fífuhvammslandi heldur víðar í þéttlandinu.

Vatnsendalandi er í einkaeign. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 5.000 manna byggð á þessu svæði að mestu í sérbyli. Stærsti hluti þess mun ekki byggjast fyrr eftir árið 2008.



(mynd 5.3 Framtíðarbyggingarsvæði.)

-  Framtíðarbyggingarsvæði
-  Byggingarsvæði á skipulagstímabilinu
-  Byggingarsvæði eftir skipulagstímabilið

Atvinna:

**STEFNUMÖRKUN:**

- \* MED HLIDSJON AF LEGU KÖPAVOGS A HÖFUDBORGARSVÆDINU VERDI LANDRYMI FYRIR ATVINNUSTARFSEMI ÞAD RÍFLEGT AD ATVINNUTÆKIFÆRI GÆTU ORÐID UMFRAM FJOLDA VINNUFÆRRA KÖPAVOGSBBA.
- \* LÖGD VERDI AHERSLA A AD I KÖPAVOGI VERÐI SEM FJÖLBREYTTILEGASTUR ATVINNUREKSTUR SEM EINNIG GEFUR MÖGULEIKA A SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA OG TAKITILLIT TIL FOLKS MED SKERTA STARFSORKU.
- \* NYJUM FYRIRTEKJUM VERDI TRYGGT VAXTARRYMI SAMHLIDA ÞVI SEM AHERSLA ER LÖGD A AD ATVINNUSVÆDIN BYGGIST SEM HRADAST OG JAFNAST UPP.
- \* BÆJARFELAGID AUKI ÞJONUSTU SINA VID ATVINNUSTARFSEMI I BÆNUM OG GERI KÖPAVOG EFTIRSOKNARVERÐARI FYRIR VEL REKIN FYRIRTEKI.
- \* VID SKIPULAG NYRRA ATHAFNASVÆDA SE NÆGJUR FJOLDI BIFREIDASTÆDA TRYGGÐUR, BÆÐI FYRIR STARFSFOLK OG VIDSKIPTAVINI.
- \* ATVINNUSVÆDI VERDI GERD ADLADANDI MED GRÖÐURREITUM OG STUDLAD AD SKJÖTUM FRÁGANGI BYGGINGA OG UMHVERFIS A ATHAFNASVÆÐUM.
- \* ATHAFNASVÆÐUM SKAL GEFID NAFN.

## 6. ATVINNA.

### INNGANGUR.

Lega Kópavogs, nálægt miðju höfuðborgarsvæðisins, skapar bæjarfélaginu nokkra sérstöðu með tilliti til stefnu í atvinnumálum. Starfsemi sem að öllu jöfnu sækir til miðhverfa er áberandi í Kópavogi.


Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 1982 - 2003 var áhersla lögð á úrvinnslugreinar þ.e. almennan iðnað. Landnotkun er hins vegar orðin nokkuð önnur en áætlað var fyrst og fremst vegna nálægðar við umferðaræðar en einnig vegna breytinga í rekstri iðnfyrirtækja. M.a. á grundvelli þessa var landnotkun í Smárahvammum breytt þannig að verslum og þjónusta verður ríkjandi þáttur í atvinnulífi svæðisins.

Bjaryfirvöld í Kópavogi hafa um langt skeið haft það markmið að atvinnutækifæri í bænum verði í samræmi við mannafla. Vegna legu athafnasvæðanna sem áætlað er að byggjast munu á skipulagstímabilinu er lagt til að markmiðið verði að hafa nægt landrymi undir atvinnustarfsemi þannig að atvinnutækifærin í Kópavogi fullbyggðum geti orðið mun fleiri en mannaflinn segir til um. Þannig fæst aukið jafnvægi á milli íbúðabyggðar og athafnasvæða á suðurhluta höfuðborgarsvæðisins jafnframt því sem dregið yrði úr umferðarflæði.

### 6.1 ATHAFNASVÆÐI

Athafnasvæðum er skipt í eftirfarandi flokka: miðba og miðhverfi, verslun- og þjónustusvæði, iðnaðarsvæði, hafnasvæði og stofnanarsvæði.

Sérstök, afmörkuð athafnasvæði í Kópavogi samkvæmt þessu skipulagi eru 7 talsins:



(MYND 6.1 ATHAFNASVÆÐI.)

Athafnasvæði 1988

Fyrirhuguð athafnasvæði á skipulagstímabilinu

Fyrirhuguð athafnasvæði eftir skipulagstímabilið

### **Svæði 1 Hafnarsvæði-Vesturvör**

Á þessu svæði voru 1988 um 35.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði. Áætlað er að uppbygging verði töluverð samfara stækkun fiskihafnar og með líkomi flutningahafnar. Einnig má búast við því að þett verði við húsnæði á vannyttum lóðum sérstaklega á svæðinu norðan Vesturvarar. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis er um 30.000 m<sup>2</sup> og þá aðallega fyrir hafn-  
sækin iðnað og vöruskemmur.

### **Svæði 2 Miðbær-Auðbrekka-Nybylavegur**

Árið 1988 voru um 65.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að aukning verði um 15.000 m<sup>2</sup>, aðallega í verslunar- og þjónustuhúsnæði. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnanir verði byggðar í vesturhluta miðbæjarins síðar.

### **Svæði 3 Smiðjuhverfi-Engihjalli**

Árið 1988 voru um 105.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði á svæðinu. Hægt er að byggja á nokkrum lóðum um 10.000 m<sup>2</sup> aðallega verslunar- og þjónustuhúsnæði.

### **Svæði 4 Kópavogsdalur**

Á þessu svæði voru 1988 um 20.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að byggðir verði þar um 175.000 m<sup>2</sup> af húsnæði fyrir verslun, þjónustu og léttan iðnað.

### **Svæði 5 Fífuhvamsland vestur**

Þetta er óhreyft land en fyrirhugað er að byggja þar um 175.000 m<sup>2</sup> þar af um 78.000 m<sup>2</sup> miðhverfi og um 56.000 iðnaðarhúsnæði. Reiknað er með að 50% svæðisins byggist á skipulagstímabilinu.

### **Svæði 6 Fífuhvamsland austur**

Á þessu svæði er áætlað að byggðir verði um 57.000 m<sup>2</sup> iðnaðarhúsnæðis, allt eftir 2008.

### **Svæði 7 Vatnsendaland**

Þetta er að mestu óhreyft land en fyrirhugað er að byggja þar um 179.000 m<sup>2</sup> af blönduðu atvinnuhúsnæði, allt eftir 2008.

Að auki er gert ráð fyrir að allri að 20.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði byggist á ymsum stöðum í bænum. Etlis má að á skipulagstímabilinu verði aukning um 10.000 m<sup>2</sup> og síðar byggist aðrir 10.000 m<sup>2</sup>. Hér um að ræða ymsar stofnanir, smáverslanir og þjónustu.

### **(TAFLA 6.1 FJÖLDI FERMETRA Í ATVINNUHÚSNÆÐI EFTIR SVÆÐUM OG ÆTLUÐ AUKNING).**

	Núverandi húsnæði	Ætluð aukning 1988 - 2008 versl./þjónusta	Ætluð aukning iðnaður	Ætluð aukning eftir 2008
svæði 1	35.000		30.000	
svæði 2	65.000	15.000		
svæði 3	105.000	10.000		
svæði 4	20.000	175.000		
svæði 5		50.000	28.000	97.000
svæði 6				165.000
svæði 7				57.000
annað	20.000	10.000		179.000
alls:	245.000	260.000	58.000	333.000

Skrá Fasteignamats ríkisins sýnir ekki rétta skiptingu húsnæðis í menginflokka. Töluverður hluti verslunar- og þjónustuhúsnæðis er skráður sem íbúðarhúsnæði t.d. allt húsnæði í Auðbrekku og Skemmuhverfi. Því er nauðsynlegt að skráning atvinnuhúsnæðis sé yfirfarin og leiðrétt með tilliti til landnotkunar.

**(MYND 6.2 GOLFFLATATMÁL ATVINNUHÚSNÆÐIS 1988 OG ÆTLUÐ AUKNING TIL 2008.)**

Gert er ráð fyrir að flatarmál atvinnuhúsnæði hafi rúmlega tvöfaldast í lok skipulagstímabilsins og verði orðið um 560.000 m<sup>2</sup>. Atvinnuhúsnæði í Kópavogi fullbyggðum gæti orðið um 900.000 m<sup>2</sup> eða um 26 m<sup>2</sup> á hvern bæjarbúa. Árið 1988 var þessi tala um 15 m<sup>2</sup> á íbúa.

Um landnytingu á athafnasvæðum sjá kafla 4.4 bls. 19.

**6.2 MANNAFLI**

Ekki eru til tæmandi upplýsingar um ársverk unnið í Kópavogi en leiða má líkur að því að þau séu nálægt 5.500 og eru því innan bæjarmarkanna atvinnumöguleika fyrir um 70% af mannaflanum. Samkvæmt þessu eru um 45 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði á hvert ársverk unnið í bænum. Miðað við fyrirhugaða skiptingu atvinnuhúsnæðis, sem áttlað er að byggist á skipulagstímabilinu má gera ráð fyrir að ársverkum fjölgi í 13.000 í lok skipulagstímabilsins og verði 100% af mannafla. Í fullbyggðum Kópavogi er áttlað að um 20.000 störf verði í bænum eða um 18% umfram ársverk kópavogsbúa.

**(TAFLA 6.2 MANNAFLI - ATVINNUTÆKIFÆRI.)**

	1988	2008	Kópavogur fullbyggður
Mannaflí í Kópavogi (ársverk)	7.800	13.000	17.000
Atvinnutækifæri í Kópavogi	5.500	13.000	20.000
Hlutfall atvinnutækif./mannafla %	70	100	118
Flatarmál atvinnuhúsnæðis m <sup>2</sup>	245.000	560.000	900.000
Atvinnuhúsnæði m <sup>2</sup> /á íbúa	15	23	26

Af ofansögðu sést að í þessu aðalskipulagi er ríflega séð fyrir athafnasvæðum. Hins vegar eru getur margt hæft áhrif á rymisþörf atvinnuhúsnæðis í framtíðinni. Ef vinnutími stýttist og vaktavinna eykst getur það til dæmis aukið nytingu húsnæðis. Aftur á móti geta auknar kröfur til vinnuaðstöðu og aukin sjálfvirkni minnkað nytingu. Þar á móti kemur að fjarskiptatækni gerir nú þegar mörgum kleift að vinna á heimili og sennilega munu enn fleiri nýta sér það. Þessi þróun mun augljóslega halda áfram og afleiðingar getu orðið minnkun atvinnuhúsnæðis, stökkun íbúðarhúsnæðis og minni umferð.

**6.3 MIÐBÆR - MIÐHVERFI**

Stefnt er að því að í Kópavogi verði tvö miðhverfi, núverandi miðbær og miðhverfi við Reykjanesbraut.

MIDBÆR KÓPAVOGS. Árið 1970 var haldin hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjar Kópavogs. Byggingarframkvæmdir hófust síðan í árslok 1972. Áætlað heildarflatarmál bygginga í miðbænum þ.e. beggja vegna Hamraborgar, vestan Vallartraðar, norðar Digranesvegur og austan Borgarholts, var ríflega 80.000 m<sup>2</sup>. Árið 1988 hafði um helmingur þess verið byggður og nær eingöngu austan Hafnarfjarðarvegur.

Á þessu 20 ára tímabili hafa önnur miðhverfi rísið í næsta nágrenni Kópavogs, þ.á.m. miðbær Garðabæjar, Kringlan og Mjóddin. Landnotkun á svæðinu norðan Hamraborgar, við Auðbrekku og Nybylaveg, breyst frá því

áð vera iðnaðarsvæði í athafnahverfi með blandaða landnotkun og aukna áherslu á verslun og þjónustu, - starfsemi sem áð hluta til á heima í miðbæjum.

Við endurskoðun deiliskipulags í miðbæ Kópavogs skal stefnt að eftirfarandi mærkmiðum:

- \* dregið verði úr byggingarmagni miðað við eldri skipulags-  
hugmyndir
- \* yfirbragð byggðarinnar verði bätt
- \* grænn svæði verði aukin
- \* umferðartengsl verði endurskoðuð
- \* göngutengsl verði bätt

Stefnt er að því að ljúka uppbyggingu eystri hluta miðbæjarins fyrir 1990. Þar er stjónsýsla bæjarins nú. Hugmyndir eru uppi um að hún muni síðar flytjast að verulegu leyti í vesturhluta miðbæjarins.

MIDHVERFI VIÐ REYKJANESBRAUT. Þar er fyrirhugað að rísi hluti miðhverfis, sem höfði til alls höfuðborgarsvæðisins vegna staðsetningar sinnar. Vestan brautarinnar er landið að mestu í einkaeign. Af hluta landsins hefur þegar verið samþykkt deiliskipulag, - athafnahverfi með blandaða landnotkun (verslun, skrifstofur og iðnaður) og er gátnagerð hafin á því svæði. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið á þessu svæði upp úr 1995.

Sunnan Fífuhvamsvegur er fyrirhugað að rísi stórmarkaður og skal byggingu hans, samkvæmt samningi vera lokið 1995. Stærð lóðarinnar er 11.68 ha.

Norðan Fífuhvamsvegur við Dalveg eru um 5 ha sem fyrirhugaðir eru undir nýtt athafnahverfi. Ekki liggja fyrir áætlanir um uppbyggingarhraða en gert er ráð fyrir að það byggist á skipulagstímabilinu.

Austan Reykjanesbrautar er gert ráð fyrir um 7 ha miðhverfi auk um 10 ha svæðis fyrir verslun og þjónustu (sjá löflu 4.3 bls. 22).


#### 6.4 HVERFAVERSLANIR.

Þrátt fyrir að það megi gera ráð fyrir að afhliða þjónustu og verslanir verði að finna í miðhverfum höfuðborgarsvæðisins þá er ljóst að hverfaverslanir og hverfisbundin þjónusta mun áfram verða bæjarbúum mikilvæga.

Hverfaverslanir svo og ymis þjónusta sem jafnvel er veitt í heima-  
húsum eru því ekki aðeins nauðsynleg þjónusta t.d. við þá sem ekki hafa aðgang að bíl heldur eykur hún á fjölbreytileika í hverfunum og stuðlar að meiri samskiptum manna í milli.

Reynslan hefur sýnt að rekstur hverfaverslana er erfiður í samkeppni við stórmarkaði og þarf að leita leiða til að tryggja rekstrargrundvöll þessarar nauðsynlegu þjónustu sem "kaupmaðurinn á horninu veitir".

Við skipulag nýrra íbúðarhverfa hefur þótt rétt að miða við að ekki séu meira en 600 m milli þorra heimila og næstu matvöruverslunar.



(MYND 6.3 MATVÖRUVERSLANIR)

600 m göngufjarlægð (500 m loftlína)

## 6.5 HÖFN

Hafnargerðin í Kópavogi hófst á Kársnesi árið 1952. Var hafnargerðin raunar fyrsta framkvæmd nýs sveitarfélags sem Kópavogur var þá. Á næstu árum var byggður litill bryggjusporður, sem nyttist nokkuð, bæði fyrir fiskiskip og farskip. Ekki varð þó af frekari framkvæmdum við höfnina um árabil, eða þar til 1982 að farið var að veita fé til hafnargerðarinnar úr bejarsjóði. Frá þeim tíma hefur orðið stórbrýting á hafnaraðstöðu á Kársnesi. Á árinu 1989 var lokið við gerð mikils grótlagarðs og fullkomin flotbryggja fyrir um 40 litra báta teki í notkun.

Áætlað er að höfnin geti á árinu 1992 veitt um 110 bátum, trillum og dekkbátum legurými í höfninni.

Hafnarsvæðið er um 16 ha að stærð. Í frumdrögum að deiliskipulagi svæðisins er auk smábáta fyrirhuguð aðstaða fyrir fiskiskip og flutningaskip. Viðlegukantar eru áætlaðir tveir samantlagt um 350 m langir.

Töluvert olnbogarymi er fyrir hafnsekinn iðnað, því austan við hafnarsvæðið er um 13 ha athafnahverfi. Samkvæmt áður nefndum drögum að deiliskipulagi hafnarsvæðisins en mögulegt að byggja um 20.000 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis á svæðinu.

Félags- og menningarmál  
**STEFNUMÖRKUN:**

- \* Markmið öldrunarþjónustu í Kópavogi er að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin vegum í heimahúsum.
- \* Stefnt skal að því að tryggja öldruðum hentugt húsnæði, og valkosti varðandi búsetusvæði og þjónustu. Þá skal leitast við að tryggja að aldraðir taki sjálfir þátt í ákvörðunum um eigin málefni.
- \* Stefnt skal að því að þjónustumiðstöð með dagvist fyrir aldraða verði á miðbæarsvæðinu og í Fífuhvammslandi.
- \* Stefnt skal að því að fatlaðir geti lifað og starfað óhindrað í samfélaginu.
- \* Stefnt skal að tveimur leikskólum í hverju skólahverfi.
- \* Stefnt skal að því að í hverju hverfi verði leikvöllur þar sem boðið er upp á gæslu þar sem þörf krefur, ella verði þessi svæði nýtt sem leiksvæði.
- \* Stefnt skal að því að í grunnskólum bæjarins séu að jafnaði tveir bekkjardeildir í hverjum árgangi.
- \* Grunnskólar skulu vera miðsvæðis í íbúðarhverfum og gönguleiðir til og frá skóla skulu vera greiðfærar, vel upplýstar og öruggar.
- \* Þess skal gætt við hönnun skólahúsnæðis að það geti hyst fjölbætta starfssemi.
- \* Menningarstofnanir á vegum bæjarins skulu staðsettar í miðhverfum.
- \* Gert er ráð fyrir einni kirkju fyrir hvern söfnuð innan þjóðkirkjunnar.

# 7. FELAGS- OG MENNINGARMÁL.

## INNGANGUR:

Menningarmál og uppbygging þeirra stofnana sem hlúa að menntun og þroska ásamt aðstoð við þá sem eiga í erfiðleikum, hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í uppbyggingu bæjarins.

### 7.1 FRÆDSLUMÁL.

**GRUNNSKÓLAR.** Skólahald hófst í Kópavogi haustið 1945 og hefur alla tíð síðan verið eitt umfangsmesta verkefni bæjarins þar sem börn á skólaaldri hafa að jafnaði verið hér mun fleiri en að landsmeðaltali.

Hlutfall skólaskyldra barna af íbúafjölda bæjarins var í árslok 1988 16.6% eða 2.592 nemendur. Grunnskólar í vesturbæ eru Kársnesskóli og Þinghólsskóli, sem mynda saman einn heildstæðan grunnskóla. Í austurbæ eru Kópavogsskóli, Snælandsskóli, Digranesskóli og Hjallaskóli, allt heildstæðir grunnskólar.

**TAFLA 7.1 NEMENDAFJÖLDI Í GRUNNSKÓLUM KÓPAVOGS 1988.**

	For- skóli.	Bekkur.									Alls
		1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
Kópavogsskóli	48	41	47	40	34	37	42	38	51	39	417
Kársnesskóli	60	68	81	77	61	66	49				462
Digranesskóli	43	46	56	54	41	54	38	51	40	88	511
Snælandsskóli	67	57	69	58	43	53	52	42	72	67	580
Hjallaskóli	52	51	55	47	40	40	47	45	35		412
Þinghólsskóli							8	62	63	77	210
	270	263	308	276	219	250	236	238	261	271	2592

Bæjaryfirvöld hafa markað þá stefnu að í grunnskólum bæjarins skulu að jafnaði vera 2 bekkir í árgangi, þ.e. heildstæðir grunnskólar með um 550 nemendum. Ef miðað er við að fjöldi nemenda á grunnskólaaldri sé 15 - 17% íbúanna þá þarf um 3.500 íbúa byggð til að mynda eitt skólahverfi.

A nýbyggingarsvæðum er gert ráð fyrir grunnskóla í Kópavogsdal í næsta nágrenni Kópavogsvallar. Miðað við áætlanir um uppbyggingarhraða íbúðarbyggðarinnar í Kópavogsdal þarf ventanlega að taka hluta skólans í notkun haustið 1992.

Í Fífuhammslandi er gert ráð fyrir tveimur grunnskólahverfum.

Við skipulag nýrra íbúðarbyggðar skal þess gætt að skólalóðir séu ekki undir 2 ha að flatarmáli og að göngufjarlægð milli heimila og skóla sé að jafnaði innan við 600 metrar.

Á síðustu árum og áratugum hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar hér á landi í kjölfar breyttra lífnaðarháttanna, tæknivæðingar og stóraukinn þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Hlutverk skólans verður því að breytast, skólavistin að aukast og skólinn að verða fjölbættur vinnustaður þar sem nemandinn öðlast dyrmæta reynslu til að takast á við þau verkefni sem bíða hans að lokinni skólagöngu.



(mynd 7.1 Skólar.

- G Grunnskóli
- g Grunnskóli (fyrirhugaður)
- F Framhaldsskóli
- f Framhaldsskóli (fyrirhugaður)
- T Tónlistarskóli
- 600 m göngufjarlægð (500 m loftlína)

**FRAMHALSDSKÓLI.** Fjöldi kópavogsbúa á framhaldsskólaaldri þ.e. 16 - 19 ára var 1.029 árið 1988 - 89 eða 6.6% af heildar íbúafjölda. Hlutfallið hefur litið breyst síðustu árin.


Einn framhaldsskóli er í bænum, Menntaskólinn í Kópavogi við Digranesveg. Alls var 451 nemandi í skólanum veturinn 1988 í 23 bekkjardeildum. Með skólasamningi 1983 var gert ráð fyrir að við skólann kæmu námsbrautir í hótél- og veitingagreinum og visir að því hefur verið tekið upp með svokallaðri ferðamálabraut.

Í Fifuhvamslandi er gert ráð fyrir framhaldsskóla.

Miðað við fullbyggðan Kópavog má áætla að íbúar á framhaldsskólaaldri verði um 2.000.

**TÓNLISTARSKÓLI:** Í Kópavogi hefur verið starfræktur tónlistarskóli frá árinu 1963. Hann er staðsettur í miðbænum og er rekinn af tónlistarfélagi Kópavogs. með stuðningi frá ríki og bæ. Með breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem gengur í gildi árið 1990 fellur niður stuðningur ríkisins við tónlistarskólann. Skólinn hefur fengið vilyrði fyrir lóð í vesturhluta miðbæjarins.

**MYNDLISTARSKÓLI KÓPAVOGS.** Myndlistarskóli Kópavogs var stofnaður haustið 1988. Hann er einkaskóli en nýtur styrks frá bæjarfélaginu. Hann er staðsettur á miðbæjarsvæðinu.



*Jóhanna Björg Sæm*

(mynd 7.2 Grafíkmynd)

**KVOLDSKÓLI KÓPAVOGS.** Um langt árabíl hafa verið starfandi námsflokkar á vegum Kópavogsbæjar. Kennsla í námsflokkunum fer fram víða um bæinn í húsnæði skólanna m.a.

## 7.2 F'ELAGSMAL.

**LEIKSKÓLAR.** Dagvistarheimili sem rekin eru af bæjarfélaginu bera samheitið leikskólar. Þar er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma allt frá 4 til 9 klukkustunda dvöl. Lögð er áhersla á að börn njóti leikskóladvallar í sínu heimhverfi undir handleiðslu uppeldismenntaðs starfsfólks. Allir foreldrar geta sótt um leikskóladvöl fyrir börn sín á því ári sem barnið verður eins árs.

**GÆSLUVELLIR.** Leikvellir með gæslu eru sex. Aðsókn að gæsluvöllum hefur minnkað verulega hin síðari ár. Þó er stefnt að því að í hverju hverfi verði leikvöllur þar sem boðið er upp á gæslu ef þörf krefur, eða verði þessi svæði nýtt sem leiksvæði.

**FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR OG ÆSKULYÐSMÁL.** Félagsstarf unglinga hefur á undanförunum árum verið í nánu samstarfi við grunnskólana í Kópavogi. Samkvæmt stefnumörkun tólmstundaráðs í æskulyðsmálum verður félagsstarfi barna og unglinga ætluð aðstaða í skólahúsnæð í Kópavogi. Núverandi byggð er skipt í tvo kjarna, - annars vegar skólahverfi Kársnesskóla, Þinghólsskóla og Kópavogsskóla, hins vegar Hjallaskóla, Digranesskóla og Snælandsskóla. Í hinum fyrrnefnda verður rekin Félagsmiðstöðin Ekkó og tólmstundamiðstöðvar Kársnesskóla og Kópavogsskóla. Í þeim síðarnefnda verður rekin félagsmiðstöð í Digranesskóla, Hjallaskóla og Snælandsskóla.

Fjórir skólagarðar og tveir smiðavellir eru reknir á sumrin fyrir börn á grunnskólaaldri.

**MALEFNI FATLAÐRA.** Stefna bæjaryfirvalda í málefnum fatlaðra er að gera þeim kleift að lifa og starfa óhindrað í samfélaginu. Frá árinu 1982 hafa verið ónar framfarir í málefnum fatlaðra í Kópavogi. Á þessu tímabili hafa ymsar stofnanir verið teknar í notkun sem þjóna fötluðum. Má þar nefna verndaða vinnustaðinn Orva, sambyli fyrir fatlaða og skammtímavistun. Á leikskólum vinnur fólk með sérmenntun varðandi fatlaða og í skólakerfinu er fylgst með fötluðum nemendum og reynt að bæta aðstæður þeirra til náms. Svæðisstjórn Reykjaness um málefni fatlaðra og Greiningarstöð Ríkisins eru staðsettar í Kópavogi.

Kópavogsbær rekur ferðapjónustu fyrir fatlaða.

**MALEFNI ALDRADRA.** Á s.l. 6 árum hefur íbúum 67 ára og eldri í Kópavogi fjölgað um 62.6% eða úr 612 árið 1982 í 995 árið 1988. Hlutfall ellilífeyiskega er nú orðið 6.4% af íbúum bæjarins. Samkvæmt íbúaspá er áætlað að hlutfallið verði 10 - 11% í lok skipulagstímabilsins.

Markmið öldrunarþjónustu í Kópavogi er að gera öldruðum kleift að búa í heimahúsum sem lengst. Þannig er hjálp til sjálfshjálpar lögð til grundvallar þjónustunni. Áhersla er því lögð á heimþjónustu og félagsstarf auk annarrar stoðþjónustu.

Aldraðir njóta samræmdrar heimilishjálpar og heimahjúkrunar. Á árinu 1988 nutu 247 ellilífeyrisþegar heimþjónustu í Kópavogi og er stefnt að aukningu á þeirri þjónustu í samræmi við fjölgun aldraðra bæjarbúa. Félags- og tólmstundastarf er vaxandi þáttur í þjónustu við aldraða auk ymissar stoðþjónustu s.s. matarþjónustu og ráðgjöf. Dagvistun fyrir aldraða var opnuð árið 1989.

Árið 1989 höfðu verið byggð raðhús með 57 íbúðum fyrir aldraða við Vogatungu. Af þeim eru 29 í eigu einstaklinga og 28 leiguíbúðir. Seld hefur verið eignarhlutdeild í hluta leiguíbúðanna. Árið 1990 er stefnt að byggingu 9 íbúða á svæðinu ásamt lítilli þjónustumiðstöð.

Þá hafa Sunnuhlíðarsamtökin reist fjölbýli með 40 vernduðum þjónustuíbúðum og á Kópavogsbær þar að á.

### 7.3 HEILBRIGÐISMÁL.

**HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR.** Heilbrigðisþjónusta fer í vaxandi mæli fram á heilsugæslustöðvum. Ein slík er í miðbænum. Gert er ráð fyrir annarri heilsugæslustöð við Engihjalla sem þjónar austursvæðum bæjarins. Ekki er talið æskilegt að hver heilsugæslustöð þjóni fleirum en 10.000 íbúum.

Samfara stofnun heilsugæslustöðva og með aukinni heilbrigðisþjónustu hefur verið tilhneiging í þá átt að safna slíkri þjónustu saman á fáa staði í því skyni að byggja upp fullkomnari miðstöðvar. Æskilegt verður þó að teljast að þeirri þjónustu sé að vissu marki dreift um bæjarfélagið í tengslum við hverfismiðstöðvar.

#### Sjúkrahús-


þjónustu sækja bæjarbúar aðallega til sjúkrahúsa sem staðsett eru í Reykjavík.

**KÓPAVOGSHÆLI.** Ríkisspítalarnir eiga um 20 ha lands við Kópavog. Þar er nú miðstöð heilsugæslu og lækniþjónustu ríkisins fyrir þroskahefta og fjölfatlaða. Á Kópavogshæli voru árið 1989 145 vistmenn auk fjögurra í dagvist.

**SUNNUHLÍÐ.** Að frumkvæði klúbba og félagasamtaka í bænum, og með stuðningi bæjaryfirvalda var á árunum 1980-1981 reist hjúkrunarheimili fyrir aldraða, - Sunnuhlíð. Heimilið tók til starfa í maí 1982 og hefur síðan 1. jan 1989 verið rekið á föstum fjárlögum. Fram að þeim tíma voru greidd daggjöld. Á heimilinu eru nú nær eingöngu langlegusjúklingar, en fyrirhugað er að fjölga rúmum fyrir skammtímavistun.

(mynd 7.4 Sunnuhlíð)

HEIMILISHJALP. Heimilishjálp sem bæjarbúar geta notið vegna veikinda og erfiðra aðstæðna, er þyðingarmikil og vakandi starfsemi bæjarfélaginu.



(mynd 7.5 Heilbrigðisþjónusta)

- H Heilsugæslustöð
- h Heilsugæslustöð (fyrirhuguð)
- K Kópavogshlí
- S Sunnuhlíð

**7.4 KIRKJUMAL.** Kópavogur tilheyrir Reykjavíkurprófastdæmi sem stofnað var árið 1940. Þrjár sóknir eru í bænum, - Kársnessókn, Digranessókn og Hjallasókn. Kópavogskirkja á Borgarholti er sóknarkirkja Kársnessafnaðar og Digranessafnaðar. Kirkja og safnaðarheimili Hjallasóknar mun rísa við Alfaheiði. Gert er ráð fyrir að byggð verði kirkja í Digranessókn.

Enginn kirkjugarður er í Kópavogi. En kirkjugarðar prófastsdæmisins eru þrín, við Suðurgötu, í Fossvogi og í Gufunesi. Talið er að í prófastdæminu sé þörf fyrir um einn hektara lands undir grafir á ári hverju. Í Leirdal, austan Hádegishóla hefur verið tekið frá land fyrir kirkjugarð.

Gert er ráð fyrir einni kirkju fyrir hvern söfnuð innan þjóðkirkjunnar.



(mynd 7.6 Kirkjur og kirkjugarðar.)

- K Kirkja
- k Kirkja (fyrirhuguð)
- g Kirkjugarður (fyrirhugaður)

## 7.5 ÖNNUR MENNINGARMÁL.

**LISTA- OG MENNINGARRÁÐ.** Lista- og menningarráð var stofnað vorið 1986. Þá voru sameinaðar þrjár nefndir sem farið höfðu með yfirumsjón Bókasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Lista- og menningarsjóðs sem stofnaður var á 10 ára afmæli bæjarins 1965. Því er ætlað að efla hvers konar lista- og menningarlíf í bænum á sem flestum sviðum. Ráðið sér um útnefningu bjarlistamanns Kópavogs svo og Kópavogsvöku sem er listahátíð Kópavogs og haldin er á hverju vori.

**BÓKASAFN.** Bókasafn Kópavogs var stofnað 1 mars 1953. Það er til húsa í miðbænum. Auk þess verður að gera ráð fyrir útibúum frá safninu við stækkun bjarfélagsins.

**LISTASAFN.** Lista- og menningarsjóður hefur um árabil verið þyðingarmikill þáttur í viðleitni bjarýfirvalda til að auðga menningarstarfsemi í bænum. Sjóðurinn var stofnaður 1965 og hefur hann árlegt framlag úr bjarssjóði sem nemur 0.5% af útsvarstekjum bæjarins. Sjóðurinn hefur gert það kleift að að kaupa allmikið af listaverkum.

Listaverkæign bæjarins jókst til muna við tvær stórgjafir, listaverk Gerðar Helgadóttur og listaverk eftir hjónin Barböru og Magnús Arnason. Listasafn helgað listaverkum Gerðar verður staðsett í miðbænum og er stefnt að opnun þess árið 1993. Við listasafnið er gert ráð fyrir höggmyndagarði en höggmyndir í eigu bæjarins eru á nokkrum stöðum í bænum. Aðstaða til almennra listsýninga (gallerí) hefur verið bágborin og er æskilegt að gera ráð fyrir slíkri starfssemi í miðhverfum bæjarins.

(mynd 7.8 Listasafnið)

**NATTURUMINJASAFN.** Náttúrufræðistofa Kópavogs tók til starfa 1983 og annast hún rekstur náttúruminjasafns. Henni er ætlað viðtækt hlutverk í uppeldis- og menntakerfi bæjarins.

**MENNINGARMINJAR:** Í bæjarlandinu er að finna **menningarminjar frá ymsum tímum, og** er stefnt að því að varðveita þessa staði og merkja. (Sjá kafla nr.2.)

**LEIKHÚS.** Á árum áður var rekið kvikmyndahús og leikhús í **Félagsheimili** Kópavogs sem staðsett er í miðbænum. Salur Félagshéimilisins hefur verið endurbættur sérstaklega með leikhús í huga en kvikmyndahús er ekki lengur starfrækt í Kópavogi. Leikfélag Kópavogs var stofnað árið 1957 og hefur það haft aðsetur í Félagshéimilinu frá árinu 1959.

**TONLISTARHÚS.** Tónleikar hafa verið haldnir við í skólum, Kópavogskirkju, og Félagshéimilinu. Gert er ráð fyrir litlum tónleikasal í hinu nýja Listasafni Kópavogs í miðbænum. Einnig er gert ráð fyrir að kirkja Digranessafnaðar verði teiknuð með hljólmleikahald í huga. Í nybyggingu tónlistarskóla má einnig reikna með góðum hljólmleikasal.

Drátt fyrir skort á aðstöðu hefur tónlistarlíf í bænum verið blómlegt, bæði í tenglum við tónlistarskólann og Skólahljómsveit Kópavogs, svo og ymsa kórastarfssemi en á því sviði hefur merkt starf verið unnið.



(mynd 7.7 Helstu menningarstofnanir í bænum).

- B Bókasafn
- b Bókasafn eða útibú (fyrirhugað)
- F Félagsheimili Kópavogs
- N Náttúruminjasafn
- l Listasafn (fyrirhugað)
- e Safnahús (fyrirhugað)

Samgöngur.

**STEFNUMORKUN:**

- \* ATAK VERÐI GERT I LAGNINGU OG FRAGANGI TENGIBRAUTA.
- \* AFMORKUD VERÐI SVÆÐI I BÆNUM FYRIR STORAR BIFREIDAR OG VINNUVELAR
- \* LOGÐ VERÐI AHERSLA A GOÐAR ALMENNINGSVAGNASAMGÖNGUR MILLI SVEITAR-  
FELAGANNA A HOFUDBORGARSVÆÐINU
- \* MARKVIST VERÐI UNNIÐ AÐ FÆKKUN UMFERÐAROHAPPA I BÆNUM MEÐ ENDUR-  
BOTUM I GATNAKERFINU. LEGGJA SKAL AHERSLU A ÖRYGGI GANGANDI VEG-  
FARENDA. GÖNGULEIDIR TIL OG FRA SKOLA VERÐI GREIÐFÆRAR, VEL UPP-  
LYSTAR OG SEM ÖRUGGUSTAR MEÐ TILLITI TIL UMFERÐAR.
- \* VIÐ HÖNNUN GATNA SKAL UMFERÐARÖRYGGIS SERSTAKLEGA GÆTT. M.A. SKAL  
HANNA HUSAGÖTUR ÞANNIG AÐ HUN HINDRI HRAGA UMFERÐ.
- \* BILASTÆÐAÞORF A NYBYGGINGARSVÆÐUM VERÐI LEYST INNAN LÖÐA
- \* MIÐSTÖÐ ALMENNINGSVAGNA VERÐI I MIÐBÆNUM OG I FYRIRHUGUÐU MIÐ-  
HVERFI AUSTAN REYKJANESBRAUTAR.
- \* GERA SKAL RAÐ FYRIR ALMENNINGSAMGÖNGUM VIÐ SKIPULAG NYRRAR  
BYGGÐAR.
- \* LOGÐ VERÐI AHERSLA A ENDURBÆTUR A GATNAKERFI I ELDRI HVERFUM  
BÆJARINS.

## 8. SAMGANGUR.

### INNGANGUR.

Gatnakerfi eldri bæjarhluta Kópavogs mótaðist á fyrstu uppbyggingarárunum. Bærinn byggðist hratt og ekki tókst að láta gatnaframkvæmdir fylgja uppbyggingunni. Frágangur í nyrri hverfum hefur gengið mun hraðar.

Aukin bifreiðareign á síðustu árum gerir auknar kröfur um úrbætur í gatnakerfinu m.a. til að auka öryggi og milda umhverfisáhrif vegna mikils umferðarþunga.

### 8.1 ASTAND GATNA

Tvennt hefur einkum mótað gatnaskipulag í eldri hverfum Kópavogs. Annars vegar landhalli og hins vegar reitaskipting Búnaðarfélags Íslands, sem var gerð samkvæmt lögum frá 1936. Á árunum 1936 til 1948 var úthlutað reitum fyrir smábýli úr löndum ríkisjarðanna Kópavogs og Digraness. Þessir reitir voru á bilinu 0.25 til 1.0 ha að stærð og voru leigðir samkvæmt erfðafestu til 99 ára. Þar sem reitirnir voru að mestu rétthyrndir meðfram götum sem lágu frá austri til vesturs var grunnur gatnakerfis í Kópavogi í raun rétthyrnt mynstur (sjá mynd 2.3 bls. 7). Þegar farið var að gera götur fyrir bifreiðar reyndust sumar þvergötur of brattar og voru ýmist lagðar af eða slitnar í sundur. Götur með minni halla voru síðan lagðar á ská milli aðalgatnanna sem héldu sér að mestu.

Kópavogur byggðist mjög hratt á árunum milli 1950 og 1970. Götur þar sem gerðar voru á þessum árum og fyrr voru allar mjög ófullkomnar. Töluvert hefur verið unnið hin síðari ár að endurgerð eldri gatna.

(mynd 8.1 Frágangur gatna.)

Hamraborg, Holtagerði, Kópavogsbraut

Ofrágengnar tengibrautir og safngötur í eldri hverfum voru árið 1988 um 9 km. Mikilvægt er að ljúka frágangi þessara gatna sem fyrst auk frágangs og lagfæringa á ymsum stöðum sérstaklega til þess að auka umferðaröryggi. Árið 1988 var unnið að frágangi um 2.5 km.


Víða eru akbrautir óþarflega breiðar og má mjókka þær með gróðurreitum m.a. til að skapa aðlaðandi umhverfi. Til álita kemur að einhverjar eldri húsagötur verði vistgötur, sérstaklega þar sem rými er ekki mikið.

### 8.2 GATNAKERFI

Í gatnaskipulagi er götum oft skipt í tvo meginhópa eftir hlutverki, húsagötur og umferðarbrautir. Húsagata á fyrst og fremst að veita aðgang að húsum eða starfsemi við viðkomandi götu en umferðarbraut er ætluð fyrir gegnumakstur. Umferðarbrautir eru greindar í þrjá flokka, stofnbrautir, tengibrautir og safnbrautir.

Flokkað gatnakerfi eykur umferðaröryggi og greiðfærara verður á milli staða, bæði fyrir akandi og gangandi.

Í eldri hverfum er erfiðara að ná fram því markmiði að gatnakerfið sé flokkað. En leitast skal þó við að nálgast það eins og kostur er.



(mynd 8.2 Dæmi um flokkað gatnakerfi).

**STOFNBRAUTIR.** Stofnbrautir eru og greiðfærasta leið akandi milli fjárlægra staða í þéttbýli. Á þeim er mikill umferðarhraði, langt milli gatnamóta og þau víðast mislæg.

Við gerð stofnbrauta skal taka tillit til hljóð-, loft- og jarðvegs-mengunar, annað hvort með staðsetningu þeirra með tilliti til byggðar eða sérstökum ráðstöfunum svo sem yfirbyggingu og hljóðmönnum. Miða skal við að byggð sé ekki nær akbraut en 30 til 50 m.

Tvær stofnbrautir liggja nú um land Kópavogs, Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbraut. Fyrirhugað er að leggja Arnarnesveg (Ofanbyggðarveg) á skipulagstímabilinu.

**TENGIBRAUTIR.** Tengibrautir tengja saman aðlæg hverfi. Þær eru tengiliðir milli stofnbrauta og safngatna.

Gatnamót tengibrauta verði að jafnaði þrígreind (T-gatnamót) nema við stofnbrautir þar sem stefnt er að mislægum gatnamótum. Umferð gangandi og hjólandi yfir tengibrautir skal vera um göng eða bryr, þar sem því verður við komið.

Eftirtaldar götur teljast tengibrautir:

Nybylavegur	2.9 km
Kársnesbraut frá Nybylavegi að Urðarbraut	0.8
Urðarbraut frá Kársnesbraut að Kópavogsbraut	0.55
Borgarholtsbraut frá Urðarbraut að Digranesvegi	0.5
Digranesvegur frá Borgarholtsbraut að Bröttubrekku	1.0
Brattabrekka frá Digranesvegi að Alfhólsvegi	0.2
Skeljabrekka	0.45
Alfhólsvegur frá Hamraborg að Túnbrekku	0.95
Hamraborg frá Skeljabrekku að Alfhólsvegi	0.2
Túnbrekka	0.45
Smiðjuvegur frá Skemmuvegi að Reykjanesbraut	0.65
Skemmuvegur frá Nybylavegi að Smiðjuvegi	0.1
Vesturvör	0.9
Þverbrekka	0.25


Samanlögð lengd þessara gatna er um 10 km.

Eftirtaldar tengibrautir verða fyrirsjáanlega lagðar á skipulagstímabilinu:

Dalvegur	1.65 km
Stútulautarvegur	0.75
Fífuhvammsvegur	1.6
Smárahvammsvegur	0.7
Hagasmári	0.35


Samanlögð lengd þessara gatna er um 5 km.

A skipulagstímabilinu er einnig áætlað að leggja tengibraut um Fífuhvammsland.



(mynd 8.3 Stofnbrautir og tengibrautir)

Núverandi  
Fyrirhugaðar



(mynd 8.4 Nyjar stofnbrautir og tengibrautir á skipulagstímabilinu).

**SAFNGÖTUR.** Á safngötum safnast umferð úr húsagötum og þaðan á tengibrautirnar.

Gatnamót safngatna skulu að jafnaði vera þrígreind. Gangbrautir skulu vera sem næst gatnamótum að öðrum kosti í tengslum við hraðahindranir.

**HÚSAGÖTUR.** Húsagötur liggja að einstökum lóðum og nær skilgreiningin bæði til gatna í íbúðarhverfum og á athafnasvæðum.

Í húsagötum er stefnt að aðgreindri umferð akandi og gangandi. Til greina kemur þó að gera svonefndar vistgötur.

Við hönnun gatna skal umferðaröryggis sérstaklega gætt og skulu húsagötur þannig hannaðar að umferð verði hæg.

**BIFREIÐASTÆÐI.** Miðað er við að bifreiðastæði séu að mestu leyti á einkalóðum þeirra sem nyta þau.

Í skipulagi nýrra hverfa skal miðað við að 2.5 bílastæði séu að meðaltali fyrir hverja íbúð í sérbyli og 1.5 stæði fyrir hverja íbúð í sambyli. Fyrir smáíbúð í sérbyli bætist við 1 stæði.

Í skipulagi athafnasvæða skal gera ráð fyrir einu stæði fyrir hverja 25 m<sup>2</sup> í verslunar- og þjónustuhúsnæði og einu stæði fyrir hverja 50 m<sup>2</sup> í iðnaðarhúsnæði.

I miðhverfum þar sem byggð er blönduð er reiknað með 75% samnytingu bílastæða vegna íbúðarhúsnæðis annars vegar og atvinnuhúsnæðis hins vegar.

I sérstökum tilvikum má víkja frá þessum viðmiðunum einkum í eldri hverfum.


STIGAR. (Sjá kafla 10).

### 8.3 BILAEIGN OG UMFERÐ

Umferðarkerfi Kópavogs er samfið umferðaræðum grannbyggðanna. Uppbygging slíks kerfis er þeim mun vandasamari sem byggðin er þéttari.

Bifreiðaeign er mikil í Kópavogi. Í árslok 1988 voru skráðir 9.182 bifreiðar í bænum eða 589 bifreiðar á 1000 íbúa. Inni í þessari tölu eru sendi- og vörubílar. Fólksbifreiðar (1 til 8 farþega) í Kópavogi á því ári voru 8.494 talsins eða 545 á hverja 1000 íbúa.


Fjölgun bifreiða var mikil á níunda áratugum og mun án efa draga verulega úr henni á næstunni. Efnahagssveiflur og tollabreytingar hafa ráðið töluverðu um þróunina. A mynd 6.5 er dregin strikálína þar sem gerð er tilraun til þess að áætla þróun bifreiðaeignar þar til metnun er náð. Miðað er við að hún sé 550 einkabílar á 1000 íbúa.



(mynd 8.4 Fjöldi einkabíla á 1000 íbúa 1979 - 1988.)

Ekki er að vænta mikillar aukningar umferðar vegna aukinnar bifreiðaeignar. Hins vegar er vænst töluverðrar fólksfjölgunar á höfuðborgarsvæðinu og þar af leiðandi mun umferð aukast. Þar sem Kársnesið og

hálsarnir eru nær fullbyggðir og nybyggingarsvæðin að litlu leyti tengd umferðaræðum eldri byggðar bæjarins verður að mestu leyti um að ræða aukna gegnumstreymisumferð á stofn- og tengibrautum m.a. á Digranesvegi með tilkomu Stútulautarvegar.



(mynd 8.5 Umferð 1988 ásamt umferðarspá 2008.)  
Stofnbrautir  
Tengibrautir

#### 8.4 UMFERÐARÖRYGGI


Til þess að auka umferðaröryggi er stefnt að sem mestri flokkun gatna-kerfisins. Greið umferð um stofn- og tengibrautir dregur úr gegnumakstri um íbúðarhverfi. Slíkt er þó oft á tíðum ekki nægjanlegt þannig að grípa verður til annarra ráða svo sem lokun húsagatna og safngatna en þá þannig að gegnumaksturinn færist ekki yfir á aðrar íbúðargötur og skapi enn meiri vanda þar. Aðrar ráðstafanir koma til greina svo sem einstefnuakstur og hraðahindranir.

Arið 1988 urðu 344 umferðaróhöpp í Kópavogi þar af voru 47 með meiðslu á fólki eða um 14%. Vegna legu Kópavogs og mikillar gegnumstreymis-umferðar er erfitt að gera samanburð við önnur sveitarfélög til þess að meta umferðaröryggi á götum bæjarins.

Tafla 8.1 Umferðaróhöpp 1988.

	Garðabær	Kópavogur	Reykjavík	Landið
Umferðaróhöpp	183	344	4581	8249
Óhöpp með meiðslum	7	46	251	647
Umferðaróhöpp 10000 íbúa	279	229	490	333
Óhöpp með meiðslum á 10000 íbúa	11	31	27	26

Heimild: Umferðarráð 1988.



(mynd 8.6 Umferðaróhöpp í Kópavogi 1988.)  
Kort.

### 8.5 BREYTINGAR OG ENDURBÆTUR Á STOFN- OG TENGIBRAUTUM

Umferð á stofnbrautum í Kópavogi er að verulegu leyti gegnumstreymis-umferð og er Vegagerð ríkisins veghaldari.

Fyrirhugað er að umferð af Fífuhvamsvegi komist inn á Hafnarfjarðarveg til norðurs, en umferð af Hafnarfjarðarvegi inn á Fífuhvamsveg fari um Arnarnesveg. Reykslan verður að skera úr um hvort þetta er fullnægjandi en á meðan þarf að gera ráð fyrir beinni tengingu og halda eftir landi fyrir hana.

Til þess að draga úr gegnumakstri á safngötum og tengibrautum ein- kum á miðbæjarsvæðinu er gert ráð fyrir að gerð verði afrein af Hafnarfjarðarvegi inn á Nybylaveg fyrir umferð úr suðri.

Reykjanesbraut verður væntanlega tvöfölduð á skipulagstímabilinu. Þess er vænst að hún þjóni umferð til og frá Kópavogi enda liggur hún um landfræðilega miðju höfuðborgarsvæðisins.

Aætlað er að Arnarnesvegur verði lagður á skipulagstímabilinu og tengist hann Breiðholtsbraut og síðan Suðurlandsvegi. Væntanlega mun umferð til suðurlands og jafnvel vesturlands úr Kópavogi og byggðinni sunnan Kópavogs fara um Arnarnesveg. Mun það væntanlega draga úr umferð á Reykjanesbraut.

Af tengibrautum í Kópavogi eru Nybylavegur og Fífuhvamsvegur "Þjóð- vegir í þéttbyli". Ráðgert er að ljúka frágangi Nybylavegar árið 1990, nema gatnamótum við Reykjanesbraut. Fífuhvamsvegur verður lagður á skipulagstímabilinu. Gert er ráð fyrir fjórum akreinum.

Ovíst er þó hvenær Fífuhvammsvegur (austan Reykjanesbrautar) verður tengdur Arnarnesvegi í Fífuhvammslandi en það ræðst af uppbyggingarhraða þar.

Nýjar tengibrautir aðrar en Fífuhvammsvegur á skipulagstímabilinu eru: Dalvegur, Smárahvammsvegur, Hagasmári og Stútulautarvegur. Lagning þessara gatna tengist uppbyggingu í Digraneshlíðum og Kópavogsdal.


Þær götur sem bætast við í flokk tengibrauta frá fyrra skipulagi eru: Vesturvör, Urðarbraut frá Borgarholtsbraut að Kópavogsbraut, Hamraborg, Alfhólsvegur (að Þverbrekku), Þverbrekka og Smiðjuvegur (aðalgata) ásamt hluta af Skenmuvegi frá Nybylavegi að Reykjanesbraut.

## 8.6 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Rekstur Strætisvagna Kópavogs hófst 1957. Arið 1988 átti fyrirtækið 10 vagna sem fluttu um eina milljón farþega (sjá mynd 6.8).

Skiptimiðaðþjónusta milli Strætisvagna Reykjavíkur og Kópavogs var tekin upp 1974.

Farþegafjöldi almenningsvagna hefur minnkað verulega á undanförunum árum. Telja verður þetta beina afleiðingu af fjölgun einkabifreiða. Þjónusta almenningsvagna í Kópavogi hefur verið góð.




(mynd 8.7 Þróun farþegafjölda SVK.)

Það er hagkvæmt, bæði fyrir sveitarfélög og þjóðarbúið, að almenningsgöngur séu góðar. Liður í því að bæta þjónustu og auka hagkvæmni eru viðræður milli Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Bessastaðahrepps um hugsanlega sameiginlega almenningsvagnaþjónustu þessara sveitarfélaga.

Þær hugmyndir hafa komið fram að miðstöðvar almenningsvagna í Kópavogi verði annars vegar í vestur hluta miðbæjarins og hins vegar í fyrirhuguðu miðhverfi austan Reykjanesbrautar.

Með bættri þjónustu má gera sér nokkrar vonir um að nyting almenningsvagna aukist og reksturinn verði þar af leiðandi hagkvæmari.

Umferð strætisvagna skal haga þannig að gangandi umferð verði ekki beint að stofn- og tengibrautum.



(mynd 8.8 Leiðakerfi SVK 1988.)

Stefna ber að því að gera almenningsvagna að raunhæfum valkosti gagnvart einkabílum.

## 8.7 FLUG

Í landi Kópavogs er flugvöllur á Sandskeiði. Þar hefur Svifflugfélag Íslands aðsetur og hefur félagið byggt upp aðstöðu. Flugvöllurinn er að mestu notaður undir svifflug en nokkuð er um æfingarflug vélflugvéla.

Þá er flugvöllur höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurflugvöllur, rétt við bæjardyr Kópavogs. Yfir bæinn liggur aðflug að tveimur brautum Braut 32 yfir Fossvoginn og braut 02 lágt yfir Kársnesið. Onæði er af þessu flugi.

Opinber þjónusta .

**STEFNUMÖRKUN:**

- \* VÍÐ SKÍPULAG VEITNA OG ANNARRAR OPINBERRAR ÞJÓNUSTU SKAL TEKÍÐ TÍLLÍT TÍL UMHVÉRFISSJÓNARMÍÐA
- \* STEFNT ER AÐ FULLNÁÐARFRÁGANGÍ VEITNA Í ELDRI BÆJARHLUTUM KÓPAVOGS, SAMHLÍÐA ÞVÍ AÐ NÝ HVÉRFI VERÐA BYGGÐ UPF
- \* STEFNT ER AÐ LOKAFRÁGANGÍ KÓPAVOGSRÆSIS ÁSAMT ÚTRAS Í SAMVINNU VÍÐ NÁGRANNASVEITARFÉLOGIN
- \* STEFNT ER AÐ FLOKKUN SORPS INNANBÆJAR OG SAMVINNU VÍÐ NÁGRANNASVEITARFÉLOGIN UM SORPHIRÐU OG FÓRGUN SORPS
- \* TEKÍÐ SKAL FRÁ LAND UNDIR SLOKKVÍSTOÐ OG LOGREGLUSTOÐ Í FÍFU-HVAMMSLANDI.

## 9. OPINBER ÞJÓNUSTA.

Hlutverk bæjarfélaga er margþætt. Auk annara verkefna sér bæjarfélagið um skipulag, uppbyggingu og rekstur veitukerfa, ymist eitt sér eða í samvinnu við önnur sveitarfélög. Þetta á einnig við aðra þjónustu s.s. löggæslu og almannavarnir.


### 9.1 FRAVEITA

Frárennsli frá byggðinni á norðanverðum Digraneshálsi og iðnaðarhverfinu við Smiðjuveg fer í Fossvogsræsi en Kópavogskaupstaður tók þátt í kostnaði við gerð þess á árunum 1963 og 1964.

Reykjavíkurborg hefur í hyggju að leggja mikla útrás nægjanlega langt út frá strönd við Eiðsgranda til þess að tryggja hreinan sjó við strendur og voga.

Ljóst er að Kópavogur mun taka þátt í þessum framkvæmdum a.m.k. því sem nemur hlut bæjarins í Fossvogsræsi. Bæjaryfirvöld í Kópavogi, Garðabæ og á Seltjarnarnesi hafa samþykkt að taka þátt í forkönnun á Heildarlausn frárennslismála við Skerjafjörð og vogana inn af honum. Verði af samvinnu, sem telja má líklegt þá yrði lögð þrýstilögn frá dælustöð á Kársnestá yfir Fossvog til tengingar við framhald Fossvogsræsis við Reykjavíkflugvöll. Lögn frá Garðabæ gæti þá legið yfir Kópavog og tengst stofnlögn á Kársnesi.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að þessi lausn verði valin.



(MYND 9.1 STOFNÆÐAR HOLRÆSAKERFIS KÓPAVOGS).  
Stofnæðar  
Fyrirhugaðar stofnæðar


Athuganir standa yfir á því hvernig jafna megi rennsli regnvatns úr Fífuhvamslandi þannig að leggja megi grennri lagnir og koma í veg fyrir flóð í Kópavogslæk. Til þess er nauðsynlegt að gera ráð fyrir jöfnunartjörnum í deiliskipulagi Fífuhvamslands.

Árið 1985 hófust framkvæmdir við lagningu kópavogsrásis og er það ein mesta umhverfisbót sem ráðist hefur verið í á síðustu árum.

## 9.2 VATNSVEITA

Fyrsti vísir að vatnsveitu í Kópavogi voru vatnslagnir, sem íbúar hreppsins bundust samtökum um að leggja að húsum sínum og var vatnið fengið úr brunnnum. Einnig var lögð vatnsæð að Kópavogshæli og vatnið tekið úr uppsprettulind norðan í Nónhæð og standa leifar inntaksþróar þar enn. Ástæða væri til að varðveita þessa lind. Árið 1949 var gerður samningur milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnefndar Kópavogs um kaup á vatni frá Vatnsveitu Reykjavíkur og var vatnið fengið úr aðalæð Vatnsveitu Reykjavíkur á gatnamótum Fossvogsvegjar og Klifvegjar. Vatnsveita Kópavogs kaupir nú vatn af Vatnsveitu Reykjavíkur og liggur ein stofnæð til Kópavogs um Blesugróf. Viða er nauðsynlegt að styrkja vatnsveitukerfið, sér í lagi vegna brunavarna.

Þegar Fífuhvamsland fer að byggjast er æskilegt að önnur stofnæð verði lögð úr Vatnsendalandi eða efri hluta Seljahverfis, eða að ny aðveituæð verði lögð t.d. ofan úr Heiðmörk.




(MYND 9.2 HELSTU STOFNÆÐAR VATNSVEITU KÓPAVOGS).  
Dreifikerfi  
Dælustöðvar

### 9.3 HITAVEITA

Hitaveita Reykjavíkur sér um dreifingu á heitu vatni um Kópavog og á allt lagnakerfi veitunnar. Þetta fyrirkomulag er samkvæmt samningi milli borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs frá 30. nóvember 1972 en þá yfirtók Hitaveita Reykjavíkur eignir Fjarhitunar Kópavogs, sem voru tvö dreifikerfi og tilheyrandi kyndistöðvar. Hitaveitan hannar og leggur lagnir í ný hverfi í samráði við tæknideild Kópavogs þegar land er gert byggingarhæft. Andvirði eigna Fjarhitunar Kópavogs stendur sem eignarhluti Kópavogs í Hitaveitu Reykjavíkur. Kópavogur hefur rétt til þess að auka eignarhlut sinn í Hitaveitu Reykjavíkur að því hlutfalli er nemur sölu hitaveitunnar í Kópavogi.

Gert er ráð fyrir að samstarfi við Hitaveitu Reykjavíkur verði haldið áfram óbreyttu.



(MYND 9.3 DREIFIKERFI HITAVEITU).  
Helstu stofnæðar  
Dælustöðvar

#### 9.4 RAFVEITA

Rafmagnsveita Reykjavíkur dreifir rafmagni til notenda í Kópavogi, skv. samningi þar um. Rafmagnsveitan á og rekur notendakerfið. Kópavogskakupstaður á götulýsingarkerfið en Rafmagnsveita Reykjavíkur sér um rekstur og viðhald þess.

(MYND 9.4 ADVEITUKERFI RAFMAGNSVEITNA).

#### 9.5 BODVEITUR

Viðá hafa verið uppi hugmyndir um að svonefnd breiðbandskerfi flytji fjarskipti af ymsu tagi, svo sem síma og sjónvarp. Gera verður ráð fyrir því að svo verði í framtíðinni.

## 9.6 AÐSTAND VEITNA.

### FRAVEITA.

Árið 1971 var unnin skýrsla á vegum bæjarverkfræðings Kópavogs um holrásakerfi bæjarins, ástand gatna og vatnsveitukerfis. Niðurstaðan var í stuttu máli sú, að gera verður ráð fyrir, að endurnýja þurfi flest eða öll þau ræsi sem, sem lögð voru fyrstu árin og fram um 1960.

Jafnframt er nauðsynlegt að tvöfalda lagnir í sem flestum götum og aðskilja þar með skólp og ofanvatn. Skólpinu yrði síðan dælt um langan veg, en ofanvatn yrði leitt skemmstu leið til sjávar eða í læk.

VATNSVEITA. Mælt kalt vatn til Kópavogs árið 1988 reyndist vera 2.624.275 m<sup>3</sup> eða til jafnaðar 474 l/íbúa á sólarhring. Vatnsnotkun í nýjum hverfum er 200-250 lítrar á íbúa á sólarhring og er því ljóst að leki er kominn að vatnsveitukerfinu í eldri hverfum.

Tvær dælustöðvar eru í bænum, önnur við Dalbrekku og hin við Smiðjuveg. Báðar þessar stöðvar eru gamlar og þarfnast endurbóta.

HITAVEITA. Hitaveita var lögð í Kópavog upp úr 1972, sem fyrr segir. Hitaveitukerfið er því nýlegt og í góðu standi.

RAFMAGNSVEITA. Í eldri hverfum í Kópavogi fer rafmagn víða til notenda og götulysingar um loftlínur. Rafmagn er lagt í jörð jafnóðum og gengið er endanlega frá götum.

## 9.7 SORPHIRÐA OG FÖRGUN.

Sorphirða í Kópavogi er á vegum bæjarins en er boðin út til verktaka. Öllu sorpi hefur verið ekið á hauga í Gufunesi samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg.

Hinn 15. febrúar 1988 gerðu 8 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með sér stofnsamning um Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins b.s. Það fyrirtæki er í eigu aðildarfélaganna og á að annast sorpeyðingu á félgssvæðinu. Ráðgert er að byggðasamlagið hefji móttöku sorps árið 1990 og verður þá urðun sorps í Gufunesi hætt, Móttaka eiturefna er þegar hafin.

Ráðgert er að sveitarfélagin muni sem fyrr sjá um sorphirðu innan sinna marka og akstur að sameiginlegri móttökustöð. Tillögur að gjaldskrá Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins b.s. gera ráð fyrir lægri gjalddöku af flokkuðu sorpi en óflokkuðu og hvetja þannig til flokkunar sorps.

Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við nágrannasveitarfélögin um förgun sorps.

## 9.8 ALMANNAVARNIR.

Hlutverk almannavarna er að veita íbúum byggðarlagsins mestu hugsanlega vernd og öryggi á hverjum tíma, gegn náttúruhamförum, hernaðaráttökum og annarri vá. Almennavarnanefnd Kópavogs fer með stjórn almannavarna en framkvæmdavaldið er á höndum lögreglustjóra.

## 9.9 LÖGGÆSLA.

Bæjarfógeti er yfirmaður almennrar löggæslu í Kópavogi. Árið 1988 voru starfandi 24 lögregluþjónar á lögreglustöð Kópavogs. Höfuðstöðvar Rannsóknarlögreglu ríkisins eru einnig í bænum.

Vegna byggðabróunar í Kópavogi er nauðsynlegt að gera ráð fyrir lögreglustöð í fyrirhuguðu miðhverfi við Reykjanesbraut.

## 9.10 BRUNAVARNIR.

Samkvæmt samningi sér Slökkvilið Reykjavíkur um brunavarnir í Kópavogi. Slökkvistöðvar eru tvær, önnur við Skógarhlíð og hin við Artúnshöfða. Staðarval þessara stöðva er hagkvæmt með tilliti til fjarlægðar frá byggð í Kópavogi. Þegar byggð fer að rísa í Kópavogsdal og í Fífuhvammslandi er æskilegt að gera ráð fyrir slökkvistöð á atvinnusvæði í Fífuhvammslandi.

Stefnt er áframhaldandi samstarfi við slökkvilið Reykjavíkur um brunavarnir í Kópavogi.

Umhverfis-, útivistar- og íþróttamál.  
STEFNUMÖRKUN:

- \* SAMSKIPTI MANNS OG NATTURU VERÐI MED ÞEIM HÆTTI AD EKKI SPILLIST AD ÖÐORFU LÍF OG LAND NÆ MENGIST SJÓR, VATN EDA ANDRUMSLOFT
- \* A NYBYGGINGARSVÆÐUM VERÐI SED FYRIR GÖÐUM ÚTIVISTARSVÆÐUM OG AHERSLA LÖGD A SKJÖTAN FRAGANG
- \* STEFNT ER AD ÞVI AD BJÖÐA FJÖLDÞETTA ADSTÖÐU TIL ALMENNINGS- og KEPPNISÍÐRÖTTA
- \* GÖÐAR OG VEL UPPLYSTAR GÖMGULEIÐIR VERÐI I BÆJARLANDINU. STIGAR TENGI ÖPIN SVÆÐI OG BYGGÐ OG TRYGGI ÖRYGGI GANGANDI OG ADGANG AD ÚTIVISTAR- OG ÍÐRÖTTASVÆÐUM. GÖNG VERÐI UNDIR ADAL STÖFN- OG TENGIBRAUTIR EDA BRYR YFIR
- \* STEFNT SKAL AD AUKNU SAMSTARFI ÞEIRRA STÖFNANA BÆJARINS SEM FARA MED ÍÐRÖTTA-, TÖMSTUNDA-, SKÖLA-, FÉLAGS OG UMHVÉRÞISMÁL OG MARK- VISST VERÐI UNNID AD ÞVI AD AUKA NOT ALMENNING OG FÉLAGASAMTAKA AF ÖPNUM SVÆÐUM
- \* TRJARÆKT INNAN BYGGÐAR VERÐI AUKIN. JAFNFRAMT VERÐI LÖGD AHERSLA A AD VERNDA EINSTAKA TRÉ OG TRJADYRÞYNGAR SEM HAFI UMHVÉRÞISLEGT GILDI. I JADRI BYGGÐAR VERÐI AFMÖRKUD SVÆÐI ÞAR SEM BÆJARÞÖUM VERÐI GEFINN KÖTUR A AD STUNDA TRJARÆKT I SAMVINNU VID BÆJAR- YFIRVÖLD
- \* FRAGANGI ADALHÖLRÆSALAGNA BÆJARINS A KARSNESI VERÐI LÖKID A FYRRIHLUTA SKIPULAGSTIMABILSINS. FJÖRUR A KARSNESI MUNU ÞA VERÐA HREINNI OG ÖPNAST BÆJARÞÖUM TIL ÚTIVISTAR
- \* STEFNT SKAL AD ÞVI AD AUKA ÞEKKINGU BÆJARÞÖA A SÖGUSTÖÐUM OG STÖÐUM MED SERSTÖKU NATTURLUFARI I BÆJARLANDINU MED FRIEDANDI MERKINGUM. ENNFREMUR SKAL AD ÞVI STEFNT AD STÖFNA GRASAGARÐ I HLIDUM DIGRANESHALS
- \* I TENGLUM VID GERÐ HVÉRÞASKIPULAGS VERÐI UNNID SERSTAKT UM- HVÉRÞISSKIPULAG SEM TAKI NANAR TIL UMHVÉRÞIS- OG ÚTIVISTARMALA. ÞAR VERÐI GERÐ NANARI GREIN FYRIR MARKMIDUM, A STANDI NÖVERANDI SVÆÐA OG FRAMTIDARUPPBYGGINGU. SKIPULAGINU FYLGI FJÖGURRA ARA FRAMKVEMDAAETLUN

## 10. UMHVERFI, ÚTIVIST OG ÍDRÖTTIR.

Umhverfisstjórn í Kópavogi var stofnað árið 1986. Þar er leitast við að sameina undir eina stjórn þá fjölmörgu þætti sem eru umhverfismál bæjarfélagsins.

Aukin þátttaka almennings í íþróttum og útivist er áberandi hérlandis sem og víðar. Ástæður þess liggja í breytingum á Þjóðfélagsháttum. - Atvinnuþátttaka í undirstöðugreinum hefur minnkað en aukist í Þjónustugreinum þar sem vinnutími er styttri og reglulegri og orlof lengra en áður. - Stórir aldurshópar eru virkir í útivistarþátttöku. - Í skólakerfinu og fjölmiðlum er vaxandi áróður fyrir heilsusamlegra lífni þar sem íþróttum og útivist er ætlaður stærrí hlutur. - Með vaxandi og sérhæfðara þéttbyli verða opin svæði innan bæjarmarkanna mikilvægari. Samtenging opinna svæða innan bæjar og við svæði á jöðrum eykur fjölbreytni í útivistartilboðum.

### 10.1. ÚTIVISTARSVÆDISVÆÐI

Samheitið útivistarsvæði er hér notað um megin stofna opinna svæða í Kópavogi; Fossvogsdal, Kópavogsdal, Leirdal og hlíðar Rúpnahæðar og strönd Elliðaavatns. Svæðin eru hinsvegar það stór að innan þeirra eru önnur opin svæði til sérstakra nota.

FOSSVOGSDALUR er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Hann er mikilvægur hlekkur í keðju opinna svæða frá Hljómskálagarði og Óskjuhlíð um Elliðaárdal upp í Heiðmörk. Mikilvægt er að hægt sé að bjóða upp á göngu- og hjólaleiðir eftir samfelldum útivistarsvæðum, í þessu tilfalli frá fjöru og upp til heiða, jafnt vetur sem sumar.

Frágangur útivistarsvæðis í Fossvogsdal er eitt mikilvægasta verkefni Kópavogsbæjar á fyrrihluta skipulagstímabilsins. Flatarmál svæðisins í lögsögu Kópavogs er 59,0 ha. Unnið er að mótun skipulags fyrir útivistarsvæðið þar sem gert er ráð fyrir gönguleiðum og gróðursvæðum, auk aðstöðu til leikja og íþróttar.

Koma mætti upp húsdýragarði í landi Lundar og nyta þannig þá aðstöðu sem fyrir er. Ymsar merkilegar náttúruminjar eru í dalnum. Stöð Skóræktarfélag Reykjavíkur er að hluta í lögsögu Kópavogs. Þar eru trjálundir sem marka ákveðin spor í sögu trjáinnflutnings til Íslands. Fjölskúðugt fuglalíf fylgir trjáræktinni og Fossvogslæknum.

KÓPAVOGSDALUR Sama má segja um mikilvægi Kópavogsdals fyrir útivist í Kópavogi og um Fossvogsdal. Í Kópavogsdal er annað aðal útivistarsvæðið í Kópavogi. Það nær með Kópavogslæk allt frá brú á Hafnarfjarðarvegi og austur að Reykjanesbraut og markast að norðan og sunnanverðu af byggð og götum. Flatarmál þess er alls 59,2 ha.



Megin útivistarsvæði í landi Kópavogs.

Arið 1985 var samþykkt skipulag fyrir austurhluta svæðisins, frá Reykjanesbraut vestur að Smáravelli. Hvati þess var vinna við skipulag íbúðabygðar í Suðurhlíðum. Gengið var út frá því að vernda hið náttúrulega yfirbragð Kópavogslækjar, en mikill hluti þess svæðis var illa útlítandi vegna efnistöku. Arið 1989 hófst frágangur á þessu svæði og mun honum ljúka á fyrrihluta skipulagstímabilsins.

1989 var unnið að mótun framtíðarskipulags fyrir vesturhluta útivistarsvæðisins í Kópavogsdal, alls 28,6 ha að stærð. Skipulagið gerir ráð fyrir íþróttasvæði Breiðabliks, Kópavogsvelli og lóð grunnskóla. Ennfremur er þar bækistöð Garðyrkjudeildar og Vinnuskóla Kópavogs, skólagarðar og smíðavöllur í grennd við leikskólalóð. Samanlögð stærð þessara svæða er um 17,6 ha. Önnur opin svæði, alls um 11,0 ha, verða opin til ymissa nota.

Í Kópavogsdal verða göngu- og skokkbrautir sem tengja svæðin saman, leiksvæði og einnig er gert ráð fyrir trjárækt. Við ós Kópavogslækjar verður byggð stífla undir brúnni þannig að ávallt vatni yfir leirurnar rétt innan við brúnna. Svæðið norðan við Fífuhvamm að fyrirhuguðum Stútulautarvegi og vestasti hluti Digraneshlíða tengist Kópavogsdal. Þar er fyrirhugaður Grasagarður Kópavogs ásamt almenningsgarði til útihátíðahalda.

LEIRDALUR OG RJÚPNAHÆÐ eru stóru útivistarsvæðin í Fífuhvamslandi. 1988 var hafin landfylling í Leirdal. Það svæði mun ekki nýtast sem byggingaland en verður þess í stað notað til útivistar og undir kirkjugarð. Vernda skal náttúrulegt umhverfi Hádegishóla. Í Leirdal er gert er ráð fyrir skipulagðri útivistarstarfsemi m.a. félagssvæði íþróttafélaga Stefnt er að því að gróðursetja skógarbelti á svæðinu til að skapa hlýlegra umhverfi byggðar og hefst það verk í hlíðum Rjúpnahæðar sumarið 1990.

ELLIDAVATN afmarkar aðalbyggð bæjarins til austurs. Gert er ráð fyrir að vatnið nytist til útivistar og að með strönd þess verði opið svæði með reið- og gönguleiðum, aðstöðu til fiskveiða og bátalægi. Starfandi er veiðifélag Elliðavatns og á Kópavogsbær aðild að því.

## 10.2. OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Opin svæði til sérstakra nota er samheiti fyrir öll þau opnu svæði sem gegna sérstöku hlutverki í bæjarlífinu. Þetta eru: íþróttasvæði, opin leiksvæði, garðar, torg, trjáræktar-svæði, stofnanalóðir opnar almenningi, kirkjugarðar o.fl. Á skýringarmynd eru synd helstu opnu svæðin innan byggðar, auk þeirra sem fyrirhuguð eru.

### AÐSTADA TIL ÍÞROTTA


Kópavogsvöllur er aðal knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllur bæjarins. Hann var gerður á árunum 1970-80. Knattspyrnuvöllurinn var tekinn í notkun 1976. Í deiliskipulagi Kópavogsdals er lóð vallarins 4,0 ha með 400 bílastæðum.

Vorið 1989 samþykkti bæjarstjórn að úthluta Íþróttafélagi Kópavogs aðstöðu fyrir félagstarf þess í Fossvogsdal í nágrenni Snælandsskóla. Heildarflatarmál svæðisins er um 4,5 ha, auk þess eru rúmlega 0,5 ha af lóð skólans sem gert er ráð fyrir að nytist af báðum aðilum. Ennfremur úthlutaði bæjarstjórn Ungmennafélaginu Breiðabliki félagssvæði vestan við Kópavogsvöll. Stærð þess er um 8,0 ha. Framkvæmdir hefjast í ársbyrjun 1990. Handknattleiksfélagi Kópavogs og Íþróttafélaginu Gerplu hefur verið gefið fyrirheit um félagssvæði í Fífuhvammslandi í framtíðinni. Með þessu móti er bæjarbúum tryggð aðstaða í grennd við heimili sín.

Malarvellir til æfinga eru við Vallargerði og Melaheiði, og grasvöllurinn "Smárinn" í Kópavogsdal. Við upphaf skipulagstímabilsins eru 8 sparkvellir utan skólalóða. Sparkvellir þurfa að vera í tengslum við íbúðabyggðina í hæfilegri göngufjarlægð.

Íþróttahúsið Digranes er aðal keppnisíþróttahús bæjarins, en það var tekið í notkun 1984. Þar er löglegur handboltavöllur ásamt áhorfendasvæði. Einnig er þar margháttuð félagsaðstaða fyrir íþróttafélög og aðra. Að auki eru íþróttahús við 3 af grunnskólum bæjarins og íþróttahús Gerplu við Skemmuveg. Nú er að rísa sundlaug á Rútstúni, 25 x 50m, og er áætlað að taka hana í notkun 1990. Í skipulagsáætlunum er gert ráð fyrir sundlaugum í Fossvogsdal og Kópavogsdal.

Siglingar. Ahugi á siglingum er mikill í Kópavogi. Siglingaklúbburinn Ymir hefur aðstöðu við Vesturvör. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að höfn fyrir siglingamenn verði á því svæði.



### OPIN SVÆÐI TIL SERSTAKRA NOTA

Hestamennska fer vaxandi á höfuðborgarsvæðinu. Hrossaeign í Kópavogi árið 1988 var um 1.000, samkvæmt tölum forðagæslumanns. Í Kópavogi starfar hestamannafélagið Gustur. Félagssvæði Gusts er norðan í Hnoðraholti við Reykjanesbraut og hafa þeir samning við bæinn til 50 ára. Á samþykktu skipulagi eru 61 hesthús og fullkomin aðstaða til kappreiða og syningahalds á svæðinu. Hross í húsum á félagssvæðinu eru um 910. Á Kjóavöllum í landi Vatnsenda er samþykkt skipulag af hesthúshverfi með 17 húsum. Sumarið 1989 hófust þar framkvæmdir.

Vetrariþróttir eru skíðaíþróttin og ymsar tegundir skautaiðkana. Aðal skíðasvæðið er í Bláfjallafólkvangi. Samstarf er með sveitarfélögunum varðandi rekstur svæðisins. 1989 hófst bygging skíðaskála á vegum bæjarins og skíðadeildar Breiðabliks. Í bæjarlandinu má víða gera skíðabrekkur. Í Kjarrhólma hefur verið gerð skíðabrekka sem tengist Fossvogsdalnum. Gönguskiðabrautir eru í Fossvogdal og Kópavogsdal. Á félagssvæði Breiðabliks er fyrirhugað vélfryst skautasvell.

### STOFNANALÖÐIR ÖPNAR ALMENNINGI

Lóðir stofnana eru flestar opnar almenningi og bjóða upp á aðstöðu til útivistar. Frágangur lóðanna er þó mismunandi eftir hlutverki stofnananna. Í þessum kafla verður þeirra helstu getið og eru þær taldar upp eftir málaflokkum.

SKOLALÖÐIR. Grunnskólar í Kópavogi eru 6. Fimm skólanna eru að mestu fullbyggðir í upphafi skipulagstímabilsins, en bygging Hjallaskóla stendur yfir. Heildarstærð skólalóðanna er 9,3 ha. Frágangur þeirra er mislangt á veg kominn, en á síðari árum hefur verið gert stóratök í

frágangi þeirra. Á skólalóðum eru stór og rúmgóð leiksvæði og íþróttavellir s.s. tennisvellir sem nýtast íbúum bæjarins. 1988 var unnin áætlun um framkvæmdir á skólalóðum.


**LEIKSKOLALÓÐIR.** Við byggingu leikskóla er gengið frá lóðum þeirra að fullu. Lóðirnar nýtast sem leiksvæði í bænum utan starfstíma leikskóla. Leikskólar eru í íbúðarhverfum, oft í tengslum við aðra þjónustu. Árið 1989 eru í bænum 8 fullbyggðir leikskólar og þar fyrir utan 2 skóladaðheimili. Heildarstærð þessara stofnanalóða er um 1,6 ha.

**ADRAR STOFNANIR.** Á seinustu árum hafa verið byggðar íbúðir fyrir aldraða á vegum bæjarins, einstaklinga og félagasamtaka. Lóðir þessar eru sem mest fullfrágengnar. Þó svo ekki séu þar leiksvæði fyrir börn og unglunga eru þessi svæði mikilvæg sem dvalar- og göngusvæði og hlekkur í fjölbreytilegum útivistarsvæðum bæjarins. Verulegur hluti lóðar Ríkisspítalanna við Kópavogshælið er opið svæði og er gönguleið þar með ströndinni.

#### **GARÐAR TORG OG LEIKSVÆÐI**

**Skrúðgarðar.** Þrjú skrúðgarðar eru í eldri hluta bæjarins og er flatarmál þeirra um 3.5 ha. Þeir eru : Hlíðargarður, Rútstún og Hólmagarður, taldir í aldursröð. Á nýbyggingarsvæðum er gert ráð fyrir hverfisskrúðgöðum.

**Torg.** Á síðari árum hefur verið gengið frá nokkrum torgsvæðum á miðbæjarsvæðinu, m.a. í tengslum við endurbætur á Hamraborginni, við Félagsheimilið og víðar. Á nýbyggingarsvæðunum er víða gert ráð fyrir torgum.



Opnir leikvellir. Í upphafi skipulagstímabilsins eru opnir leikvellir án gæslu á 8 stöðum í bænum. Á nýbyggingarsvæðum er gert ráð fyrir opnum leikvöllum í tengslum við hverfiskjarna.

Starfsvellir. Stefnt verði að því að í tengslum við skólagarða verði komið upp starfsvöllum yfir sumartímann ásamt aðstöðu til leikja.

#### REKTUNARSVÆÐI

Trjárækt. Árið 1983 var gerð úttekt á trjáræktarskilyrðum á höfuðborgarsvæðinu. Gerð var úttekt á trjáreitum sem fyrir eru og einnig var jarðvegur rannsakaður. Í Kópavogi voru 5 staðir athugaðir. Könnunin leiddi í ljós betri skilyrði til trjá- og skógræktar á þessu svæði en mönnum var áður ljóst. Á yfirliti sem gert var kom fram að í Fossvogsdal, vesturhluta Kópavogsdal og við Elliðavatn eru skilyrði hvað best. Í landi Fífuhvamms eru skilyrðin breytileg eftir þessu að dæma.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir mikilli trjárækt við frágang á stóru útivistarsvæðunum í Fossvogsdal, Kópavogsdal og Leirdal. Ennfremur verður trjárækt í byggðinni aukin til muna. Í hlíðum Rjúpnahæðar verður hafist handa við landgræðslu með trjárækt sumarið 1990. Skógræktarfélag Kópavogs var stofnað árið 1960. Aðal starfsemi félagsins er að Fossá í Kjós, þar sem þeir hafa unnið að skógrækt ásamt Skógræktarfélagi Kjalarness og Kjósar.

Garðlönd. Um árabíl hafa bæjarbúar átt þess kost að leigja garðlönd. Garðlönd á vegum bæjarins voru 1989 alls um 2.0 ha. Gert er ráð fyrir þessari starfsemi áfram og er reiknað með að á opnum svæðum verði frátekin reitur fyrir garðlönd og einnig í jaðri byggðarinnar.

Skólagarðar. Börnum í Kópavogi er boðið upp á starf í skólagörðum á sumrin. Garðarnir eru 4 og er samanlögð stærð þeirra um 0.8 ha. Gert er ráð fyrir skólagörðum á 2 stöðum í tengslum við nýja byggð í Kópavogsdal og öðrum 2 í Fífuhvammslöndum.

Gróðrarstöðvar. 1986 var úthlutað landi undir tvö gróðurbyli við Dalveg, samtals um 4.0 ha .

Kirkjugarður. Á landfyllingum í Leirdal er gert ráð fyrir kirkjugarði, 10-15 ha. Grafafjöldi er áætlaður á bilinu 10-14.000.

### 10.3 GÖNGUSTIGAR

Gönguleiðakerfi bæjarins er mikilvægt vegna öryggis gangandi og til þess að íbúar fái notið útivistar. Með markvissum gönguleiðum er íbúunum tryggð örugg og greið aðkoma að útivistarsvæðum í bæjarlandinu. Ennfremur verða gönguleiðir að hafa tengingar við gönguleiðir



**Aðalstígar og reiðstígar í Kópvogi.**

grannsvéitarfélaganna. Í umferðarlögum hafa hjólreiðar verið leyfðar á göngustígum og gangstéttum. Árið 1988 voru göngustígar í bænum um 16.5 km, en ástand þeirra er misjafnt.

Gönguleiðunum er skipt í tvo flokka: aðalgöngustígar og hverfastígar. Aðalgöngustígar eru að mestu með jöðrum byggðar á stóru opnu svæðunum. Annar aðalstígurinn liggur um Fossvogsdal og út með strönd Fossvogs að lóð Vita- og hafnarmála. Hinn nær frá höfn á Kársnesi inn með strönd Kópavogs, inn Kópavogsdal að Reykjanesbraut, undir hana og eftir Selhrygg á mörkum byggðalaga austur að Elliðavatni. Við ós Kópavogslækjar greinist aðalgöngustígurinn og liggur hann þar til suður um íþróttasvæði að Nónhæð og síðan austur á brú yfir Reykjanesbraut um Hádegishóla og Leirdal að Rjúpnahæð. Hverfastígar eru innan byggðar og tengja opin svæði og hverfi saman og opna tengsl við aðalgöngustíga. Þeir eru jöfnum höndum gangstéttar eða mjóir stígar milli lóða. Eitt af sérkennum Kópavogs er að byggðin er skorin í sundur af tveimur megin stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins; Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut. Til að hafa eðlileg gangtengsl milli bæjarhluta þarf að gera ráð fyrir göngum eða brúm yfir stofnbrautir.

Hjólreiðastígar. Vegna ákvæða í umferðalögum og kostnaðar við gerð hjólreiðastíga hefa menn freistast til að beina reiðhjólumferð á gangstíga og gangstéttir. Við frágang aðalgöngustíga má hugsa sér að þeir verði breiðir. Þannig að minni hætta verði á óþægindum. Á íþróttasvæði Breiðabliks er gert ráð fyrir torfærubraut fyrir reiðhjól og einnig er kominn vísir að slíkri braut við Snælandsskóla.

Reiðstígar. Aðal reiðleiðirnar liggja frá hesthúsahverfi Gusts. Helsta útreiðasvæðið er út úr byggðinni í átt að Kjóavöllum og Elliðavatni en einnig skemmri hringir í landi Fífuhvamms og Smárahvamms. Í samræmi við tillögur frá S.S.H. er hér gert ráð fyrir reiðleiðum til austurs um Fífuhvammsbyggð, auk möguleika á að komast í vesturátt um Kópavogsdal.

# 11. BYGGÐAÐRÖUN OG SKIPULAG 1982-1989, YFIRLIT.

## INNGANGUR.

Í kaflanum er gerð grein helstu breytingum sem hafa átt sé stað í byggðaðróun í Kópavogi frá 1982 sem var grunnár Aðalskipulags Kópavogs 1982 - 2003 til ársins 1988 sem er grunnár þessa aðal- skipulags þ.e. Aðalskipulags Kópavogs 1988 - 2008. Auk þess er greint frá helstu skipulagsverkefnum sem unnið hefur verið að á tímabilinu 1982 - 1989.

## 11.1 ÍBÚAR.

Í árslok 1982 voru 14.279 íbúar í Kópavogi en 15.581 í árslok 1988. Íbúafjölgunin nemur því 1.302 á þessu sjö ára tímabili eða 186 að meðaltali á ári.

### (MYND 11.1 FJÖLDI ÍBÚA Í KÓPAVOGI 1982 OG 1988.)

1982	14.279
1988	15.581 (16.500) (1)

(1) Áætlaður íbúafjöldi í Kópavogi samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 1982 - 2003.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 1982 - 2003 var áætlað að íbúafjöldinn í árslok 1988 yrði um 16.500 manns eða um 1.000 íbúum fleiri en raun varð á.

Aldursskipting íbúanna hefur jafnframt breyst töluvert á þessu sjö ára tímabili samanber töflu 11.1.

### (TAFLA 11.1 ALDURSKIPTING ÍBÚA KÓPAVOGS 1982 OG 1988.)

	1982		1988	
0 - 14 ára	4.289	(30%)	3.561	(23%)
15 - 64 ára	9.178	(64%)	10.451	(67%)
65 ára og eldri	812	(6%)	1.169	(8%)
-----				
	14.279	(100%)	15.581	(100%)

Í kafla 5.1 - 5.3 er fjallað um íbúa.

### 11.2 IBÚÐIR.

Alls bættust 684 fullgerðar íbúðir við húsakost bæjarbúa á árunum 1982 - 1988, þar af voru 395 í fjölbyli eða 58%. Að meðaltali voru 98 íbúðir á ári fullgerðar á tímabilinu.

### (MYND 11.3 FJÖLDI FULLGERÐRA IBÚÐA 1982 - 1988.

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Sambyli	90	24	45	30	24	24	92
Sérbyli	35	41	95	36	23	79	44
Alls:	125	65	140	66	47	103	136

A tímabilinu hefur því ein ný íbúð verið byggð fyrir hverja 1.9 nýja íbúa í bænum. En eins og fram kemur í kafla 5 bis. 24 byggðist ein ný íbúð fyrir hverja 2.25 nýja íbúa síðasta aldarfjórðunginn.

Í kafla 5.4 - 5.6 er fjallað um íbúðir.

### 11.3 ATVINNA.

A árinu 1982 er talið að í Kópavogi hafi verið um 173.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði eða 12 m<sup>2</sup> á hvern íbúa. A tímabilinu 1982 - 1988 voru byggðir um 64.000 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis.



### (MYND 11.4 FULLGERT ATVINNUHÚSNÆÐI 1982 - 1988.

A tímabilinu er áætlað að fjöldi ársverka í bænum hafi aukist um 10% en fjöldi fermetra í atvinnuhúsnæði jókst á sama tíma um 45%. Þannig hafa um 55 m<sup>2</sup> af nýju atvinnuhúsnæði birst við fyrir hvern

nyjar íbúa í bænum. Árið 1988 voru því 15m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði á hverri íbúa í bænum.

Í kafla 6 er fjallað um atvinnumál.

#### 11.4 FÉLAGS OG MENNINGARMÁL.

Í kafla 7 er fjallað nánar um þennan málaflokk.

#### 11.5 UMFERÐ

Bifreiðaeign bæjarbúa jókst um 41% á árunum 1982 - 1988. Aukningin varð mest milli áranna 1985 og 1986, eða um 17%.


Á árinu 1982 voru skráðar 440 bifreiðar á hverja 1000 íbúa en á árinu 1988 var bifreiðaeignin orðin 589 bifreiðar á 1000 íbúa (sendi- vöru- og hópferðabifreiðar meðtaldar).

Áætlað er að umferð í bænum hafi aukist um \_\_\_\_\_ á tímabilinu.

#### (MYND 11.5 FJÖLDI BIFREIDA 1982 - 1988)

Kafla 8 fjallar um samgöngur.

#### 11.6 HELSTU SKIPULAGSVERKEFNI 1982-1989.



(mynd 11.6 HELSTU SKIPULAGSVERKEFNI 1982 - 1989)

1.  
**IBÚÐABYGGÐ Í SÆBÓLSLANDI.** Árið 1983 hófust framkvæmdir við íbúðabyggð í Sæbólslandi. Árin 1984-1985 var síðan unnið skipulag að íbúðabyggð sérstaklega ætluð fyrir aldraða innan þessa svæðis. Sú byggð hefur ekki enn risið.

2.  
**SKIPULAG MIÐBÆJAR KÖPAVOGS.** Á árinu 1983 var 2. áfanga að deiliskipulagi miðbæjarins breytt og í framhaldi af því var hafin bygging húsnæna Fannborg 4 og 6. Síðan var töluvert unnið að hugmyndum varðandi uppbyggingu miðbæjarins, bæði hvað varðar austur og vesturbakkana. Í lok árs 1988 komst veruleg hreyfing á málið þegar lagt var til að ljúka uppbyggingu á svæðinu austan Hafnarfjarðarvegur.

Í júlí 1989 var auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi svæðis sem afmarkast af húsnæm Hamraborg 12, Fannborg 4 og 6 til austurs, Digranesvegi 5 til suðurs, Hafnarfjarðarvegi til vesturs og Hamraborg til norðurs. Tillögunni var breytt með tilliti til athugasemda sem bárust. Skipulagið var endanlega samþykkt af bæjarstjórn 24.10.1989.

3.  
**IBUÐIR FYRIR ALDRADA VIÐ VOGATUNGU.** Skipulag á reit milli Vogatungu og Hafnarfjarðarvegur var lengi í verið til umræðu en árið 1984 voru fyrst lagðar fram hugmyndir um íbúðabyggð þar fyrir aldraða. Árið 198\_ var samþykkt deiliskipulag af reitnum, en síðan hafa verið gerðar nokkrar breytingar á því nú síðast árið 1989.

4.  
**BILAGEYMSLUR VIÐ VÍÐIGRUND.** Við Víðigrund standa einbýlishús og var ekki gert ráð fyrir bifreiðageymslum við húsin í skipulagi. Síðan 1982 hafa verið gerðar ymsar tillögur að breyttu deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir bifreiðageymslum og í lok árs 1989 var loka samþykkt breyting hvað þetta varðar. (Ath. niðurstöður auglýsingar)

5.  
**IBÚÐABYGGÐ SUNNAN BORGARHOLTSBRAUTAR.** Þegar ljóst var að ekki yrðu byggðar stofnanir á þessu svæði var árið 1984 farið að huga að framtíðarskipulagi íbúðabyggðarinnar. Samþykkt varðandi skipulagið var ekki gerð þá en árið 1989 var ákveðið að skoða allt svæðið frá Borgarholtsbraut að Kópavogsbraut með heildarskipulag að markmiði.

6.  
**IBÚÐABYGGÐ Í SUÐURHLÍÐUM.** Árið 1984 var byrjað að undirbúa skipulag íbúðabyggðar í suðurhlíðum, þ.e. austan Skálaheiðar og sunnan Álfróisvegur og Engihjalla. Skipulag svæðisins var samþykkt í áföngum næstu ár, sá síðasti um mitt ár 1988. Á svæðinu eru flestar gerðir íbúðarhúsa, frá einbýli upp í fjölbýli svo og leikskóli og kirkja. Á svæðinu fullbyggðu verða um 600 íbúðir.

7.

**SKIPULAG I KÓPAVOGSDAL.** Skipulag athafnasvæða í Kópavogsdal á sér langan aðdraganda. Í kjölfar skipulags íbúðabygginga í suðurhlíðum var farið að vinna að skipulagi íbúða- og útivistarsvæða í dalnum. Í lok árs 1988 voru samþykktar breytingar á landnotkun í þar sem gert er ráð fyrir fjölgun íbúða og aukna flatarmáli verslunar og þjónustuhúsnæðis í stað íbúðarsvæða ásamt breytingum á legu gatna.

Árið 1989

var samþykkt deiliskipulag fyrir blandað athafnasvæði við Reykjanesbraut, íbúðasvæði fyrir um allt að 750 íbúðir norðan Fífuhvamsvegur og íþróttar- og stofnanasvæði þar fyrir vestan. Auk þessa var samþykkt skipulag útivistarsvæða meðfram Kópavogslæk, skipulag gróðurbyla við Dalveg svo og einstakra annara lóða við Dalveg. Austan Reykjanesbrautar, beggja vegna Fífuhvamsvegur eiga stórfyrirtæki lóðir, en deiliskipulag þeirra er ekki ákveðið.

8.

**ÍBÚÐABYGGÐ I DIGRANESHLÍÐUM, SUNNAN DIGRANESVEGAR.** Árið 1989 var hafinn undirbúningur að gerð deiliskipulags í Digraneshlíðum.

9.

**HESTHÚSABYGGÐIR.** Árin 1984 og 1985 var samþykkt deiliskipulag að tveim hesthúsabyggingum í landi Kópavogs. Annarsvegur svæði Gusts við Reykjanesbraut en það skipulag var síðan endurskoðað árið 1988. Hinsvegur var samþykkt afmörkun og deiliskipulag að hesthúsasvæði í landi Vatnsenda.

10.

**ÍBÚÐABYGGÐ NORDAN ALFHÓLSVEGAR.** Árið 1985 var gerð tillaga að deiliskipulagi fyrir húsaröðina norðan Alfhólsvegur, frá Vallartröð að Túnbrekku þ.e. varðandi byggingarlínur og nýtingarhiutfall. Í framhaldi af því var unnið skipulag að Alfhólsvegi á þessum kafla sem samþykkt var í meginatriðum í ársbyrjun 1986.

11.

**SKIPULAG VIÐ VESTURVÖR.** Árið 1984 var samþykkt tillaga þess efnis að lega Vesturvarar skyldi breytast á þann hátt að tenging inn á Kársnesbraut yrði á mótis við Urðarbraut. Við þetta fjölgaði lóðum við Vesturvör sem seinna voru skipulagðar.

12.

**ÍBÚÐIR ALDRADRA VIÐ SUNNUHLÍÐ.** Á árinu 1986 samþykkt breytt deiliskipulag lóðar ríkisspítalanna við Kópavogsbraut.

14.

**ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐ VIÐ ENGIHJALLA.** Í byrjun árs 1989 var samþykkt breytt deiliskipulag af verslunar og þjónustusvæði norðan Engihjalla. Gert er ráð fyrir að á þessu svæði verði þjónustumiðstöð.

15.

**ÚTIVISTARSVÆÐI I FOSSVOGSDAL.** Lengi var rætt um skipulag Fossvogsdals þótt deilur um Fossvogsbraut hafi flekt alla hugmyndasmið. Vorið 1989 var þó samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs afmörkun íþróttasvæðis í dalnum ásamt skipulagi þess í grófum dráttum.

16.

**HAFNARSVÆÐI.** Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag nokkurra lóða vestan Hafnarbrautar. Verið er að verið að vinna að heildarskipulagi hafnarsvæðisins.

17.

**SKIPULAG I FÍFUHVAMMSLANDI.** Um mitt ár 1987 voru unnin frumdrög að skipulagsmynstri byggðarinnar fyrir austan Reykjanesbraut í Fífuhammslandi. Ári seinna var síðan ákveðið að efna til hugmyndasamkeppni um svæðið milli Reykjanesbrautar, Seljahverfis og fyrirhugaðs Arnarnesvegar. Samkeppninni var hleypt af stokkunum í lok árs 1988 og í vorbyrjun 1989 lágu niðurstöður fyrir. Í þessari samkeppni voru gerðar tillögur að landnotkun, byggðamynstri og gatnakerfi ásamt öðru, m.a. var nýjum kirkjugarði Reykjavíkurprófastdæmis valinn staður. Landnotkunarkort fyrir endurskoðun A.K. 1988-2008 var unnið á grundvelli verðlaunatillagna.

18.

**SKIPULAG NYBYLAVEGAR 36, ÖÐRU NAFNI EILÍFSREITUR.** Skv. A.K.1983-2003 var á þessum reit gert ráð fyrir íbúðabyggð. Árið 1986 var gerð tillaga um byggingu íbúðarhúsnæðis á reitnum og í byrjun árs 1989 var samþykkt breyting á landnotkun í blandað athafna- og útivistarsvæði. Í kjölfarið var síðan samþykkt deiliskipulag af reitnum.

19.

**BLANDAÐ ATHAFNASVÆÐI VIÐ AUSBREKKU OG NYBYLAVEG.**

Svæðið er enn í uppbyggingu og hefur á síðustu árum verið unnið skipulag ef einstökum hlutum þess. Stefnt er að því að vinna heildarskipulag að svæðinu og hófs forvinna að því vorið 1989.

20.

**ÍBUDASVÆÐI VIÐ HULDUBRAUT.** Deiliskipulag svæðisins

var samþykkt í ársbyrjun 1988. Það skipulag gerir ráð fyrir einbylishúsum og parhúsum með samtals um 40 íbúðum.

21.

**ÍÐNADARHÚSNÆÐI VIÐ SMÍÐJUVEG.** Árið 1989 var skipulagt svæði með þrem nýjum lóðum, sunnan bæjarmarka Reykjavíkur og Kópavogs, við Smíðjuveg.

**BLÁFJALLAFÖLKVANGUR.** Kópavogskaupstaður er eitt af þrettán sveitarfélögum á suðvesturhorninu sem sameiginlega byggt hafa upp skíðaaðstöðu í Bláfjöllum. Á árinu 1988 var unnið heildarskipulag af skíðasvæðinu.

# VIÐAUKI.

## LÖGSÖGUMÖRK KÓPAVOGSKAUPSTAÐAR

### LÖGSÖGUMÖRK KÓPAVOGSKAUPSTAÐAR.

Land innan lögsögu Kópavogs skiptist í þrjá hluta, hér eftir nefndir: Heimaland, Sandskeið og Bláfjöll. Þessi þrískipting er afleiðing þess að jarðirnar Elliðavatn og Hólmur, sem voru í Seltjarnarneshreppi, voru lagðar undir lögsögu Reykjavíkur árið 1943 og spilda sú úr landi Vatnsenda, sem tekin var eignarnámi 1942 vegna Heiðmerkur var einnig lögð undir lögsögu Reykjavíkur 1943.

Aðalskipulag Kópavogs 1988 - 2008 nær aðeins til heimalandsins, þ.e. til þess hluta, sem liggur norðan Elliðavatns og Heiðmerkur.

#### 12.1 MÖRK HEIMALANDSINS.

##### 12.1.1 Lausleg lýsing.

Mörk heimalandsins eru að norðan og austan bæjarmörk Reykjavíkur og Kópavogs og að sunnan og vestan bæjarmörk Kópavogs og Garðabæjar.

Mörkin liggja þaðan sem Fossvogslækur fellu í Fossvog, inn eftir Fossvogsdal í Þúfu í Blesugróf, síðan meðfram Smiðjuvegi og Reykjanesbraut vestur á móts við byggðinga í Seljahverfi í Breiðholti. Þá liggja mörkin upp með þeirri byggð um Selhrygg í Markastein vestan í Vatnsendahvarfi. Frá Markasteini til norðausturs um Vatnsendahvarf norðvestur að væntanlegri Breiðholtsbraut og síðan austur með brautinni yfir Dimmu og Víðuvelli að Bugðu, fylgja síðan Bugðu að Elliðavatnsstíflu og síðan vestur með henni og úr vesturenda stíflunnar suður yfir Elliðavatn austan Þingneshólma og um Þingnes suður í Heiðmerkurgirðingu sunnan Vatnsendavatns. Þá með Heiðmerkurgirðingunni vestur á móts við Vatnsendaborg. Þaðan liggja mörkin til norðurs um Arnarbæli, Kjóavelli og á Rjúpnahæð. Af Rjúpnahæð um Smalaholt, Leirdal, Hnoðraholt, Nónhæð, Arnarnes og vestur fyrir Hafnarfjarðarveg. Síðan með veginum vestanverðum í botn Kópavogarins skammt sunnan við Kópavogslæk.

### 12.1.2 Markalýsing.

Mörk heimalandsins ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi lýsingu, lögum og samþykktum:

1. Samkvæmt óumdeildri lýsingu á mörkum milli Vatnsenda og Vífilsstaða.
2. Samkvæmt landamerkjadómi hinn 19. dag maímánaðar árið 1884 um landamerki milli Vatnsenda og Elliðavatns.
3. Samkvæmt lögum nr. 57, 4. júlí 1942 og lögum nr. 52, 14. apríl 1943 um eignarnám vegna Heiðmerkur og lögsagnarumdæmisbreytingu þar.
4. Samkvæmt lögum nr. 38 frá 27. maí 1975 um breytingu á mörkum lögsangarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.
5. Samkvæmt lögum nr. 22 frá 20. maí 1985 um breytingar á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.
6. Samkvæmt markalýsingu Vatnsenda svo og samkomulagi milli Reykjavíkur og Kópavogs frá 24. nóvember 1987 um mörk í Vatnsendahvarfi á Víðuvöllum, í Elliðavatni og um Þingnes að Heiðmerkurgirðingu.

Nú verður lýst mörkum Kópavogskaupstaðar samkvæmt framanskráðum heimildum. Þar sem mörk ákvarðast með hnitum þá eru hnit í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951. Um nánari skilgreiningu fer samkvæmt hnitaskrá in 1. gr. fyrrnefndra laga frá 27. maí 1975 og 20. maí 1985.

Úr fjöruborði við Fossvog ræður Fossvogslækur í norðausturhorn gömlu brúarinnar á Hafnarfjarðarvegi skammt vestan Kringlumýrarbrautar. Frá norðausturhornstöpli brúarinnar liggja mörkin í Tvisteina og þaðan eftir markaskurði inn endilangan Fossvogsdal í Þúfu í Blesugróf. Þá nokkurn spöl upp með austurkanti Smiðjuvegur en ganga síðan í sveig að Reykjanesbraut og fylgja henni til suðurs og vesturs suður fyrir Breiðholtsbraut. Þar fara mörkin yfir Reykjanesbraut og síðan með suðurkanti hennar vestur á móts við byggðina í Seljahverfi í Breiðholti í markapunkt með hnit  $x = 18783,60$ ;  $Y = 13475,88$ .

Þá til suðurs skammt vestan við Miðaptansklettaurð, suður um Láholt, Háholt og Selhrygg til suð-austurs í Markastein vestan í Vatnsendahvarfi, hnit =  $17444,17$ ;  $Y = 11785,70$ .

Frá Markasteini ræður bein lína norðvestan í Vatnsendahvarfi að Breiðholtsbraut með stefnu á árbuginn á Dimmu hjá Grænugróf í markapunkt með hnit  $x = 16403,70$ ;  $Y = 12709,80$ . Þá fylgja mörkin Breiðholtsbraut (eða Arnarnesvegi) að hinum gamla

farvegi Bugðu undir Selási. Þá ræður bein lína með suðvesturenda Seláss að Bugðu og síðan áin Bugða að markagirðingu við Elliðavatnsstíflu. Þá ræður girðingin samhliða stíflunni til vesturs yfir Dimmu á ný og í markapunkt skammt vestan við lokumannvirki stíflunnar hnit:  $X = 15414,61$ ;  $Y = 12275,68$  og síðan beina línu í markpunkt í vesturenda stíflunnar, hnit:  $x = 15452,32$ ;  $Y = 12251,70$ . Af Elliðavatnsstíflu eru mörkin bein lína yfir vatnið í punkt austan nyrðri Þingneshólma, hnit  $X = 15.000$ ;  $Y = 11,300$ . Þaðan í hringboga suður fyrir syðri Þingneshólma í markpunkt á há Þingnesi. Síðan eftir Þingnesi vestanverðu í punkt við suðausturhorn Vatnsendavatns og úr þeim punkti að Heiðmerkurgirðingu við tóftarbrot um 90 m vestan við girðingarhorn við rústir Elliðavatnsfjárhúsa, sem frá er greint í landamerkjadómi frá 19. maí 1884 svohljóðandi:

"Landamerki milli Vatnsenda og Elliðavatns skulu vera úr; Stríp beina stefnu í Vatnsendavatn yfir tóftarbrot suðvestanvert við Elliðavatnsfjárhús; þá með Vatnsendavatnsjaðri að austan og norðaustan norður í Þingnestá; þaðan í beina stefnu norður yfir miðjan Þingnessál; þá vestur með Elliðavatnsengjum eins og vatnið ræður í Dimmuós; þá ræður Dimma merkjum að Gjávaði, og úr Gjávaði bein stefna í grjóthól við Bugðu móts við Oddagerðisnes".

Sökum breyttra aðstæðna við tilkomu Elliðavatnsstíflu, þar sem Þingnes er nú að hluta til tveir hólmar, allar engjar undir vatni og sömuleiðis gjávaðið og grjóthólinn við Bugðu, gengt Oddagerðisnesi, þá hefur orðið að samkomulagi dags. 24/11 1987 milli Reykjavíkur og Kópavogs, að mörk við Elliðavatnsstíflu, yfir vatnið og um Þingnes skuli vera eins og að framan greinir.

Frá markapunkti við fyrrgreint tóftarbrot fara mörkin eftir Heiðmerkurgirðingu til suðvesturs að núverandi girðingarhorni skammt norðaustur af Vatnsendaborg og síðan eftir girðingarstæði gömlu Heiðmerkurgirðingarinnar vestur á móts við Vatnsendaborg að þajarmörkum Kópavogs og Garðabæjar, sem eru bein lína úr Hnífhól í Arnarstapa, eða Arnarbæli. Mörk Kópavogs og Garðabæjar liggja frá fyrrgreindum punkti skammt norðan við Vatnsendaborg beina línu í koparbolta í klöpp á Arnarstapa og þaðan beina línu yfir Kjóavelli í markapunkt, krómstálsbolta í O 60 cm steiptum stöpli, suðaustan í Rjúpnahæð. Stöpull þessi er í markalínunni Arnarstapi-Markasteinn, sem fyrr er nefndur. Síðan fara mörkin samkvæmt fyrrgreinum lögum frá 20. maí 1985 vestur yfir Rjúpnahæð í þríhyrningsstöpul nr. 1023 á Smalaholti, hnit:  $x = 18627,17$ ;  $Y = 11296,15$ . Af Smalaholti liggja mörkin niður í Leirdalsbotn vestarlega og

síðan til norðvesturs í markapunkt á austuröxl Hnoðraholtis, þaðan til norðurs í punkt norðan í Hnoðraholti. Þá ræður væntanlegur Arnarnesvegur til vesturs að Reykjanesbraut og þaðan liggja mörkin um Nónhæð með Arnarnesvegi norðanverðum til vest-norðvesturs vestur fyrir væntanlegan Fífuhvamsveg og síðan með þeim vegi til norðurs og vesturs og vestur fyrir Hafnarfjarðarveg norðan í Arnarnesi og til norðurs með væntanlegri afrein af Hafnarfjarðarvegi í punkt í vesturkanti hans með hnit:  $X = 20900$ ;  $Y = 13250$  skammt sunnan Kópavogslækjar. Frá þeim punkti liggja mörkin út á Kópavoginn í punkt með hnitum  $X = 22000$ ; og  $Y = 13540$ , síðan ræður lína til vesturs með  $Y -$  hnit 13540.

## 12.2 MÖRK SUNNAN HEIÐMERKUR Á SANDSKEIÐI OG Í BLÁFJÖLLUM.

Mörk lögsagnarumdæmis Kópavogs ná að sýslumörkum Árnessýslu og um er deilt hvar þau liggja. Því verða hér í lokakafli leidd rök að því hversvegna mörkum er lýst á þann veg, sem gert er hér á eftir.

Bent skal á, að Seltjarnarneshreppur kanna að eiga nokkur ítök, ásamt Kópavogsskaupstað í þeim löndum, sem fyrr á öldum voru afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, en hér eru talin í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

Hefst nú markalýsing:

### 12.2.1 Mörk á Sandskeiði og um lönd Lækjarbotna, Geirlands og Gunnarshólma.

1. Af landamerkjastöpli á Vífilsfelli, þar sem það ber hæst, eftir sýslumörkum til norðaustur beina línu um Sýslustein í Sýsluþúfu á Mosfellsheiði. Sýslusteinn er talinn vera allstór steinn skammt sunnar Lyklafellsár á móts við ármót Engjadalshvíslar og kvíslar er kemur norðaustan af Mosfellsheiði um 1,5 km suðaustan Lyklafells.
2. Eftir fyrrgreindri markalínu af Sýslusteini að Lyklafellsá.
3. Þá fara mörkin eftir landamerkjadómi uppkveðnum 12. apríl 1892 svohljóðandi:

"Frá sýslumörkum eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapollí meðfram heiðarbrún (Elliðaheiði) í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássin. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá".

4. Frá ármótum Lyklafellsár og Fossvallaár ræður norðurkvísl Fossvallaár allt niður í Nátthagavatn.
5. Úr Nátthagavatni liggja mörkin eftir Hólmsá miðri skammt norður fyrir Hólmsárbrú, þar til syðri kvísl Fossvallaár rennur í Hólmsá, en kvísl sú nefnist á þessum kafla einnig Hólmalækur.
6. Frá mótum Hólmalækjar og Hólmsár ræður Hólmalækur mörkum til suðausturs að lækjarmótum gamla farvegjar syðstu kvíslar Fossvallaár og þeirrar nýrri, þar sem Gunnarshólmabóndi hefur veitt Fossvallaánni norður í Hólmsá, skammt fyrir austan Gunnarshólma. Síðan liggja mörkin eftir syðri kvísl Fossvallaárinnar að lækjarmótum, þar sem Botnalækur fellur í ána úr Lækjarbotnum. Þar er steypdur markapunktur.
7. Frá fyrrgreindum markapunkti til suðurs í 60 cm steyptan markapunkt með krómstálbolta. Punktur þessi er á eyrinni skammt vestan Botnalækjar.
8. Frá markapunkti við Botnalæk til vesturs í markapunkt í hrauninu austan Heiðmerkur og þaðan í markapunkt við austurhorn Heiðmerkurgirðingar.
9. Þá liggja mörkin til suð-vestur eftir Heiðmerkurgirðingu að girðingarhorni við Stóra-Markhól vestur af Selfjalli.
10. Frá fyrrgreindu girðingarhorni liggja mörkin til til suðausturs, beina línu í markstöpul, sem ráðgert er að steypa á Sandfelli.
11. Af Sandfelli bein línu til suðausturs um norðurenda Rauðhúka að sýslumörkum Árnessýslu á Bláfjöllum í 680 m háan tind á Bláfjallahrygg suður af Hrafnagili, sem gengur suður úr Jósefsdal.
12. Af þeim fjallstindi bein lína í hæsta Ólafsskarðshnúk og þaðan beina lína í landmælingastöpul á Vífilsfelli, sem fyrr segir.

#### 12.2.2 Mörk í Bláfjöllum og sunnan Heiðmerkur.

Frá markagirðingu sunnan Heiðmerkur eftir línu, sem dregin er úr Stríp á Strípshrauni beina stefnu á Stóra-Kóngsfell. Frá Stór-Kóngsfelli til suðausturs í Hácoll og þaðan eftir sýslumörkum til suðvesturs eftir háeggjum í syðstu öxl Bláfjalla að línu, sem dregin er úr Heiðarkolli í Þríhnúka. Af suðuröxl Bláfjalla eftir fyrrgreindri línu í Þríhnúka. Af Þríhnúkum beina línu í vörðu á Húsfelli. Af Húsfelli beina stefnu á Hnífhól að Heiðmerkurgirðingu og síðan ræður

Heiðmerkurgirðingin til norðausturs að fyrrgreindri markalínu frá Stríp í Stóra-Kóngsfelli.

### 12.3 R Ö K S T U Þ N I N G U R.

Eins og markalýsing hér að framan greinir er í Aðalskipulagi Kópavogs 1988 - 2008 gengið út frá því að sýslumörk Árnessýslu liggi eftir hæstu tindum Bláfjalla af suðuröxl þeirra um Háköll, Bláfjallahrygg, Ólafsskarðshnúk í Vífilfell. Forsvarsmenn Selvogss- og Ölfushreppa vefengja þessa lýsingu.

Nú verða raktar merkjalýsingar frá fyrri tíð og rökstutt það sem að framan er sagt.

Sá misskiningur virðist hafa komið upp á síðari árum, að menn hafa villst á Kóngsfelli og því felli, sem nú er nefnt Stóra-Kóngsfelli. Af þessu leiðir þá villu, að hreppamörk Selvogshrepps svo og Grindavíkurhrepps, hafa á atlasblöðum herforingjaráðsins danska og einnig á sumum kortblöðum Landmælinga Íslands verið dregin allt austur í Stóra-Kóngsfelli og sýslumörk Árnessýslu hafa þar með verið færð á sömu blöðum norður fyrir Bláfjöll. Atlasblöð herforingjaráðsins og síðar kortablöð Landmælinga Íslands eru meingölluð að því er varðar hreppa- og sýslumörk og sýna misgamlar útgáfur ósjaldan mörkin á mismunandi vegu. Nú á seinni árum hafa Landmælingar Íslands gert gangskör að því að færa bæja-, hreppa- og sýslumörk inn á kort, eftir því sem næst verður komist samkvæmt gögmlum heimildum og glöggra manna tilvísan, og á stofnunin þakkir skildar fyrir það. Markalýsingum frá síðustu öld ber flestum saman um það, þótt ekki greini þær allar jafn nákvæmlega frá, að sýslumörk Árnessýslu liggi um Bláfjöll austur í Vífilfell eða nálægt Vífilsfelli og þá sunnan við það. Misræmis gæti hinsvegar um hvort mörkin til vesturs úr Bláfjöllum liggi í Kóngsfelli eða Kistufelli eða beina stefnu í Sýslustein undir Geitahlíð.

Verður nú tilfræður úrdráttur úr nokkrum lýsingum þessu til skýringar.

Í markalýsingu Herðisarvíkur dags. 20. nóv. 1886 er ótvíræð lýsing á Kóngsfelli.

No 232

Mariukirkja í Krísvík á í Árnessýslu samkvæmt máldögum jörðina Herðisarvík. Landamerki Herðisarvíkur eru þau, er nú skal greina: Að austanverðu, milli tjeðrar jarðar og kirkjujarðarinnar Stakkavíkur: Bein stefna úr Breiðabás (=Helli samkvæmt máldögum) sem er fjörúvík nokkurt ekki allskamt fyrir austan

Herdísarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan, í Kongsfell, sem er gömul, ekki há, grámosavaxin eldborg umhverfis aflangan djúpan gíg til hægri handar við Þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar góðan spöl fyrir austan Kerlingaskarð, nálægt veginum.

Í þessari lýsingu og flestum þeim, sem á eftir fara, miðast áttir augsnílega við landnorður, sem þýðir nánast í norðaustur. Austur merkir þar með í suðaustur.

Misræmis gætir milli lýsingar Herdísarvíkur og markalýsingar almenningsskógar Álptaneshrepps dags. 21. júní 1849, sbr. veðmálabók G.K. 1tr.C, no. 81 bls. 80, en hún segir:

"Á milli Gullbringu- og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell."

Hér á eftir verða tilfærðar nokkrar lýsingar eða vitnisburðir um mörk Árnessýslu annarsvegar og Gullbringu- og Kjórarsýslu hinsvegar.

A. Árið 1703 lýsir Hálfðán Jónsson sýslumörkum svo.

"Síðan í þann einstaka stein, er stendur við Hellisheiðarveginn á melnum fyrir sunnan Lyklafell er kallast Sýslusteinn. Þaðan í það stóra bjarg, er liggur við veginn í Ólafsskarði. Síðan sjónhending í Hvítskeggshvamm. (Landnám Ingólfs III 20.)"

B. Útskrift úr lýsingu Árnessýslu.

Eftir sýslumanni P. Melsted, dagsettri í marzmánuði 1842 í handritasafni hins íslenska bókmenntafélags í Landsbókasafninu. - - - Sá syðsti punktur takmarkanna milli Árness- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýslusteinar undir Geitahlíð millum bæjanna Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnessýslu, og Krísvíkur, sem heyrir til Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga takmörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til hins stóra steins austanundir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn, þaðan beina stefnu í Borgarhóla á Mossfelssheiði, þaðan í Syðri-Moldbrekkur, þaðan í Rjúpnagil milli bæjanna, Stardals í Kjósar- og Stíflisdals í Árnessýslu, þaðan í vörðu, sem hlaðin er á Stóra-Sauðafelli, þaðan í Sýsluhólma í Stóru-Laxá, þaðan í Steinkirkju, þaðan í Súlur.

C. Skjöl lögð fram í aukarétti í Árnessýslu 22. sept. 1873. Hafa ber í huga að í réttinum er verið að fjalla um þrætu vegna engja-slægna á Mosfellshaiði.

C.1 Vitnisburður Ingimundar Gíslasonar Ölvesvatni dags. 29. júlí 1869.

- - - - Sýslusteinn í Krýsuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í Kóngsfell, þá yfir Lyklafell (hvar stór steinn stendur norðanvert við fellið, sem þeir kölluðu allatíð Sýslusteinn) Borgarhóla og í Rjúpnagil, þaðan Sýsluhólma í Laxá í Steinkirkju, Kjöl norður gegnum Botnssúlur.

C.2 Vitninsburður Á. Björnssonar Hvammkoti dags. 9. sept. 1869.

Sýslusteinn á Krýsuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í hæst Vífilfell, þá yfir Lyklafell, Borgarhóla og í Rjúpnagil, þaðan í Sýsluhólma í Laxá, í Steinkirkju, Kjöl norður gegnum Botnssúlur, yfir Öxahryggi í Leirárhöfða og Fanntófell og svo til austurs yfir Kaldadal í Jökul.

C.3 Vitninsburður Guðmundar Jakobssonar fyrrum búandi á Reykjum í Ölfusi, síðan á Vatnsenda og í Lambshúsum í Gullbr.sýslu.

Endamark að sunnan væri í svokallaðan Sýslusteinn undir Geitahlíð og beina stefnu eptir háfjöllum til norðurs, sem þá væri um hæst Vífilfell, og eptir álitum þáverandi sýslumanns í Árnessýslu Þórðar sál. Sveinbjörnssonar, (sem ég var þá á ferð með) að sú stefna væri til norðurs beint í nefndan Sýsluhólma í Laxá, og mundi sú beinasta stefna um svokallað Lyklafell og vestanvert um Borgarhóla, og þaðan nefnda línu, án þess að nokkur vötn eður örnefni gera boga til austurs eða vesturs. Meira eður víðara hef ég ekki heyrt þessu til upplýsingar.

Athygli vekur, að í einu þessara skjala aðeins eru mörkin talin úr Kóngsfelli í Lyklafell, sem er augljóslega ónákvæm lýsing. Hinum lýsingingunum ber saman um mörkin, þar sem sagt er að þau gangi frá Sýslusteinum undir Geitahlíð eða á Krýsuvíkurbergi, beina stefnu yfir fjallið, fjöll norður eða eftir háfjöllum til norðurs nálægt Vífilfelli eða í hæst Vífilfell. Samkvæmt þessu ættu sýslumörkin ekki að liggja norður í Kóngsfell heldur úr Sýslusteinum um Herdísarvíkurfjall, Vestur- og Austurása í Hvalhnúk og þaðan í Bláfjöll. Elsa lýsingi frá 1703 setur mörkin nálægt Vífilfelli en um suðurhlíðar þess í Ólafsskaði. Ekki er sjónhending þaðan í Hvítskeggshvamm en bein lína úr Ólafsskaði í Seljabótarnef liggur einmitt um hæstu tindu Bláfjalla, Hvalhnúk, Austur- og Vesturása og Herdísarvíkurfjall og verður að telja það nokkuð líkleg sýslumörk.

Fyrirnefnd lýsing á mörkum Almenningssskógar Álfptaneshrepps var þinglesin á manntalsþingi í

Görðum 22. júní 1849 og er sá hluti þeirrar lýsingar, sem þýðingu hefur gagnvart Kópavogskaupstað svohljóðandi.

"Af Húsfelli upp í Þríhnjúka þaðan á suðurenda Bláfells (:) á milli afréttar Álptanes- og Setjarnarneshreppa. Á milli Gullbringu- og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell".

Í framangreindum lýsingum er ekki getið um Sýslubúfu, sem er lítill móbergstappi á Mosfellsheiði og nú talin vera kennileiti á sýslusmörkum í beinni línu af Vífilsfelli í Borgarhóla sunnantil.

Með vísan til framangreindra lýsinga hefur mörkum Kópavogskaupstaðar verið lýst eins og að framan er skráð.

#### 12.4 LANDSTÆRD OG EIGNARHALD Á LANDI.

Bæjarhluti	Landstærð alls:	Kópavogs- bær	Einka- lóðir/ lönd	Ríkið lönd/ vegir	Aðrir
Heimalandið alls:	1670.75	807.22	650.74	206.69	6.10
Lækjarbotnar og Sandskeið	3820.00	3675,20	92,60	52,20	
Frá Heiðmörk að Bláfjöllum	2850.00	2850.00			
Kópavogur alls uppgæfið í heilum hekturum:	8340	7332	743	259	6

